B

Nr. VII Lagt fram í Sakadómi
Reykjavíkur 28/4 1977

G.Br.

# XI

# GEIRFINNSMÁL

MAPPA : 3

FRUMRIT : Bls. 3001-3404 ( 3407 )

III

B

Nr. VII Lagt fram í Sakadómi
Reykjavíkur 28/4 1977

G.Br.

# GEIRFINNSMÁL

## MAPPA : 3

## FRUMRIT : Bls. 3001-3404 ( 3407 )

III

# G E I R F I N N S M Á L

# K E F L A V Í K U R R A N N S Ó K N.

Nr. .................................... Lagt fram í Sakadómi

Keflavíkur/Gullbringusýslu ....................................

## Rannsóknarlögreglan í Keflavík, Gullbringusýslu og Grindavík

# SKÝRSLA

MIÐV.D. 20 ?

Fimmtu daginn 22. (21) nóv, 1974 kl.21,oo er mættur á skrifstofunni Þórður Ingimarsson, Hátúni 8 Keflavík f. 2o-8-1949. tækjastjóri hja Ellert Skúlasyni, Njarðvík

Tekin af:

Um:

Grunaðir:

Settir í varðhald:

Mættum er ljóst tilefni fyrirtökunnar og skýrir hann svo frá áminntur um sannsögli, enxx mætti er talinn búa yfir nokkurri vitneskju um aðdraganda að hvarfi Geirfinns Einarssonar, Brekkubraut 15 Keflavík.

" Það mun hafa verið laust fyrir klukkan 21,oo að kvöldi þriðjudags 19.þ.m. að ég kom á heimili Geirfinns með það í huga að fara með honum í bíó. Þegar ég færði þetta í tal við Geirfinn, kvaðst hann ekki geta komið, því hann þyrfti að fara dálitið ( á stefnumót) Ég fór inn hjá Geirfinni og dvaldi hjá honum þar til litlu fyrir klukkan 22,oo Þarna ræddum við um ýmis mál m.a. tilhögun vinnu okkar, en við vinnum nú við að moka grjóti á fkxt vörubifreiðir, en það er flutt í Sandgerðishöfn.

Á greindum tíma sagði Geirfinnur við mig" viltu koma með" Varð þá að ráði að ég æki honum áleiðis að Hafnarbúð, en Geirfinnur hafði áður sagt mér að fyrirhugað væri að stefnumótið ætti sér stað utan við Hafnarbúðina í bifreið. Geirfinnur tók sérstaklega fram að einhver (FLEIRI EN EINN) ( sem mér skyldist að væri karlmaður) Þetta símtal hefur farið fram líklega einhvern tíma eftir að Geirfinnur hefur komið heim um klukkan 18,oo þar til ég kom um klukkan 21,oo Geirfinnur hafði einnig orð á því að sér þætti þetta stefnumót dularfullt og að hann ætti að koma á það einn og gangandi. Einnig var lögð á það áhersla að enginn vissi um þetta. Ég ók síðan áleiðis með Geirfinn og ók þá Vatnsnesveg í austur, en Geirfinnur vildi fara úr bifreiðinni nokkru áður en við komum að mótum Bryggjuvegar, áður en við komum í sjónmál við Hafnarbúðina.

frh.

Þarna fór Geirfinnur úr bifreiðinni, en ég ók áfram til hægri inn á Bryggjuveg að Hafnarbúðinni til hægri eftir Víkurbraut. .Ég sá Volksvagen bláan eldri gerð þar sem hann stóð við Hafnarbúðina með framenda að sjónum með logandi stöðuljós. Ég veittu þessu enga frekari athygli og ók rakleiðis heim til mín."

Geirfinnur tók fram við mig bæði á heimili sínu og á leiðinni í bifreiðinni að hann vissi ekki hver ( eða hverjir) þetta væru. Virtist mér Geirfinnur vera á báðum áttum hvort hann ætti að mæta þarna og hafði við orð í bifreiðinni að " hann hefði átt að vera vopnaður)" Þetta virtist mér Geirfinnur þó segja í gamni og virtist mér sem hann teldi þetta stefnumót vera gabb. Eftir að Geirfinnur fór úr bifreiðinni hjá mér hefi ég ekki séð hann.~~ægxekkertxaf~~ Mér virtist á Geirfinni að hann ætlaði að vera fljótur í ferð þessari.

Mætti er nú spurður um atburði á dansleik sem hann fór á, ásamt Geirfinni og Birni Marteinssyni, Klapparstíg Njarðvík í Klúbbnum á sunnudagskvöld. Skýrir mætti svo frá. Við höfðum allir þrír farið í Nýja Bíó í Keflavík kl. 19,oo Eftir það fórum við í Reykjavík um klukkan 21,oo en Geirfinnur fór áður heim til sín og lét vita af ferðum sínum. Geirfinnur og Björn voru undir áhrifum á dansleiknum Geirfinnur góðglaður(kátur) en Björn varð talsvert ölvaður. Ég ók bifreiðinni og var alsgáður. Ég vissi til þess að Geirfinnur hitti þarna einhvern fyrrverandi vinnufélaga sinn. Sá mun hafa verið 25-30 ára, sennilega meðalmaður á hæð, frekar feitlaginn í andliti með hárvönt að ~~hæð~~ eyrnarsneplum, ljósskolhærður. Engir sérstakir atburðir urðu þarna mér vitanlega. " Aðspurður segir mætti að Geirfinnur hafi eftir dansleikinn ekkert talað sérstaklega um menn eða atvik sem urðu á dansleik þessum. Mætti segir að þeir hafi verið komnir heim um klukkan02,oo eða litlu seinna."

Hugmynd mætta var að Geirfinnur hefði etv. verið að fara til móts við einhverja fyrrverandi vinnufélaga í gleðskap þegar sá fór í fyrrgreindan leiðangur.

Skýrsluna tók: Upplesið staðfest:

Haukur Guðmundsson (signature) Þórður Ingimarsson (signature)

Haukur Guðmundsson, rannslm. Þórður Ingimarsson,

Kæfubók nr. ..................



Nr. .................... Lagt fram í Sakadómi

Keflavíkur/Gullbringusýslu ....................

# Rannsóknarlögreglan í Keflavík, Gullbringusýslu og Grindavík

# SKÝRSLA

mánu daginn 25. nóv. 1974 kl. 23:00, er mættur á skrifstofunni Vilhjálmur Svanberg Helgason nemi, Alfheimum 28, Reykjavík f. 20.6. 1952 í Reykjavík. 37251

Tekin af: V.S.

Um: framburð Vilhjálms Svanbergs Helgasonar.

Grunaðir:

Settir í varðhald:

Mætta er kynnt tilefni fyrirtektarinnar.
Mætti segir, að hann hafi dvalið hjá ~~syst~~ frænku sinni í Kópavogi, síðastliðið sunnudagskvöld til kl. um 23:00, en þá kveðst hann hafa farið á bifreið sinni R- 42273 til Keflavíkur. Mætti telur, að hann hafi farið beina leið til vinkonu sinnar Sjafnar Traustadóttur Vesturgötu 13 í Keflavík og dvaldi hann þar um nóttina. Á áðurgreindan stað kom einnig Guðný Sigurðardóttir eiginkona Geirfinns Einarssonar og sátum við öll þarna fram eftir nóttu við áfengisdrykkju.

Mætti telur, að Guðný hafi farið heim til sín um kl.04:30 og hafi hann þá farið að sofa skömmu síðar.

Kveðst hann hafa vaknað um hádegið á mánudag og dvaldi hann að mestu inni við á Vesturgötu 13 þann dag, en eftir kvöldmatinn kveður hann Guðnýju hafa komið til sín og dvalið á staðnum til kl. um 22:00.

Mætti kveðst hafa ætlað að fara heim til sín þá um kvöldið, og hafi hann verið lagður af stað, en þá hafi sig vantað bensín á bifreiðina og hafi hann hvergi getað orðið sér út um það. Segir hann, að hann hafi m.a. reynt að fá afgreitt bensín í sjálfsala við Aðalstöðina og var stúlka við stöðina að aðstoða hann við að reyna að fá bensín, en sjálfsalinn var bilaður.

Kveðst hann því hafa farið aftur til Sjafnar, en haldið þaðan til frænda síns Einars Hauks Helgasonar, þar sem hann fékk að sofa um nóttina. Kveðst hann hafa vaknað um kl. 10:30 um morguninn og haldið til

Reykjavíkur og hafi hann farið (beint) í kennslustund í þýsku í húsnæði sem Háskóli Islands hefur til umráða Mávahlíð 23.

Mætti kveðst hafa dvalið á heimili sínu allt þriðjudagskvöldið ásamt foreldrum sínum.

Mætti kveðst hafa þekkt Guðnýju Sigurðardóttur síðan um mitt sumar, og hafa þau hittst af og til síðan og þá að Vesturgötu 13 og enn fremur á heimili Guðnýjar. Þá hafi Guðný enn fremur komið á heimili hans.

Mætti kveðst ekki þekkja Geirfinn Einarsson og hafi hann aldrei séð hann, né heldur hafi [redacted] Guðný rætt um hann við sig. Sé honum ókunnugt um það, hvort Geirfinni var kunnugt um samband hans við Guðnýju.

Skýrslugerð lokið kl. 23:50

Upplesið , staðfest rétt

Vilhjálmur Svanberg Helgason

Valtýr Sigurðsson — Vilhjálmur Svanberg Helgason

S

Fimmtudaginn 21. nóvember 1974 kl. 09, var mér undirrituðum tilkynnt um hvarf Geirfinns Einarssonar, Brekkubraut 15, Keflavík. Geirfinnur er fæddur 7.9. 1942 á Vopnafirði. Ellert Skúlason Grundarvegi 21 í Njarðvík, atvinnuveitandi hans tilkynnti um hvarfið. Samkvæmt upplýsingum sem fyrir liggja, hvarf Geirfinnur að heiman frá sér um kl. 22.3o að kvöldi þriðjudags 19. þ.m. Ellert er atvinnuveitandi Geirfinns og hefur hann haldið uppi spurnum um Geirfinn síðan á miðvikudag samkvæmt beiðni eiginkonu hans Guðnýjar Sigurðardóttur, en án nokkurs árangurs. Þegar Ellert Skúlason tilkynnti hvarf Geirfinns til lögreglu voru fyrirliggjandi upplýsingar frá vinnufélaga hans, Þórði Ingimarssyni, Hátúni 8, (skýrsla nr. 1) um síðasta fund þeirra félaga sem var um kl. 22.00 á þriðjudag. Í tilefni af framburði Þórðar um bláa Volswagen bifreið við Hafnarbúð var gerð athugun á, hver hafi verið þar á ferð. Reyndist það vera Haukur Magnússon skipstjóri til heimilis Vallargötu 19 Keflavík og var hann á bifreið sinni R-34224. Samkvæmt upplýsingum Hauks var hann þarna við Hafnarbúðina kl. 22.00 eða þar um bil, stöðvaði bifreið sína utan við dyr verslunarinnar, telur að hann hafi látið bifreiðina vera í gangi og haft ökuljós logandi. Kvaðst Haukur hafa farið inn í verslunina, dvalið þar 4-5 mínútur, keypt sér sigarettur, síðan frá Hafnarbúðinni áleiðis að Vallargötu 19. Haukur var ekki viss á tímasetningu en sagði að fréttir hefðu verið lesnar þegar hann var á leiðinni frá Hafnarbúð að Vallargötu, þá mundi það hafa verið kl. 22.00 eða litlu síðar. Samkvæmt upplýsingum frá Þórði Ingimarssyni, Hátúni 8, Keflavík, hafði hann komið heim til Geirfinns um kl. 2o.5o á þriðjudagskvöld með þeim ásetningi að fá hann með sér í kvikmyndahús. Þegar mætti kom heim til Geirfinns sagði Geirfinnur strax að hann gæti ekki ekki farið í kvikmyndahúsið vegna þess að hann hafi mælt sér mót við mann eða menn kl. 22.00. Sjá nánar í skýrslu Þórðar dags. 21. þ.m. Þórður segir, að laust fyrir kl. 22.00, eða nánar tiltekið 21.5o, hafi Geirfinnur sagt sem svo "kemurðu með", þá var aftalað að Þórður æki Geirfinni áleiðis að stefnumótsstaðnum sem

Geirfinnur hafði sagt að væri við Hafnarbúðina og skildist Þórði, að móttstaðurinn væri í bifreið utan við Hafnarbúðina. Á leiðinni að Hafnarbúð sagði Geirfinnur við Þórð, það hefði líklega verið rétt að vera vopnaður í svona leiðangri, þetta er ekki orðrétt eftir haft, en Þórði telur að meiningin hafi verið þessi. Þórður taldi að Geirfinnur hafi sagt þetta í gamni, og taldi sjálfur að hann hefði mælt sér mót við fyrrverandi vinnufélaga sína og ætlað með þeim í einhvern gleðskap. Á leiðinni biður Geirfinnur Þórð um að láta sig út á Vatnsnesvegi við hús nr. 9 og 11, eða í hvarfi við Hafnarbúðina (þ.e.a.s. ekki í sjónmáli við Hafnarbúð). Í sambandi við þetta, sagði Geirfinnur, að þannig hefði verið um talað að hann kæmi einsamall á stefnumótið og fótgangandi. Þórður kvaðst hafa gert sem Geirfinnur bauð og hefði hann síðan ekið áfram Bryggjuveg til hægri, áleiðis að Hafnarbúð, beygt til hægri við Víkurbraut og ekið þaðan rakleiðis heim. Þessi framburður Þórðar hefur ekki verið staðreyndur, en Þórður býr að heimili foreldra sinna að Hátúni 8 eins og fyrr segir. Við athuganir kom í ljós að tveir starfsmenn olíusamlags Keflavíkur þeir Sigurður Kristinsson, Faxabraut 73, og Sævar Sigurðsson, Smáratúni 18, báðir í Keflavík, voru við vinnu sína í húsi Olíusamlags kvöld þetta og stimpluðu þeir sig út kl. 22.34. Þeir telja sig hafa séð þá þegar þeir fóru frá Olíusamlagshúsinu áleiðis Víkurbraut í vestur, þá telja þeir sig hafa séð bifreið Geirfinns Ö-1577 við Kaupfélagið á Víkurbraut. Þetta er talinn nokkuð nákvæm tímasetning á því að Geirfinnur hefði verið kominn, að Hafnarbúð á þessum tíma og þá líklega horfinn á braut því þeir félagar sáu enga bifreið þarna, þ.e.a.s. þeir veittu því ekki athygli. Undirritaður hafði tal af eiginkonu Geirfinns Einarssonar, Guðnýju Sigurðardóttur, sem er fædd 19.12. 1948, en það var um kl. 14.00 á fimmtudag. Að sögn Guðnýjar kom í ljós að sambúð þeirra hjóna hafði verið með ágætum nú undanfarna tvo mánuði. Enginn sérstakir fjárhagsörðugleikar voru fyrir hendi hjá þeim, enda þótt lítið væri til af lausu fé. Við rannsókn á högum Geirfinns, hefur ekkert það komið í ljós, sem bent gæti á misferli á einn eða annan hátt. Þessi atriði verða rökstudd með fylgiskjölum síðar. Varðandi þriðjudagskvöldið 19. þ.m., kvaðst Guðný hafa komið heim laust eftir kl. 18.00 , en þá hafi Geir-

finnur verið einn heima. Taldi hún að hann hefði þá verið nýkominn heim frá vinnu sinni, en hann vann við að moka grjóti af vörubifreiðum, vegna hafnarframkvæmda við Sandgerðishöfn.

Guðný kveðst þá hafa dvalið á heimili sínu frá kl. 18.00 eins og fyrr segir, og þar til kl. 19.5o eða þar um bil. Kveðst hún þá hafa farið af heimili sínu og í heimsókn til vinkonu sinnar að Vesturgötu 13. Mætta segir, að um kl. 19.3o á þriðjudagskvöld, hafi hún verið að ljúka við að vaska upp, en Geirfinnur var að þvo sér frammi á salerni, og kemur hann þá skyndilega fram og segir, "hvað er að", hún segist hafa sagt "það er ekkert að", og hann hafi þá spurt, "varstu ekki að öskra, eða mér heyrðist þú öskra eins og verið væri að drepa þig". Sagði hún að hvorki útvarp né sjónvarp hafi verið í gangi, og ekki heyrt neitt, hún hafi farið út og aðgætt hvort hljóð hafi getað borist að utan, sama gerði Geirfinnur, en heyrðu þau ekkert. Geirfinnur gerðir engar frekari athugasemdir við þetta og var þetta þar með látið niður falla. Guðný kvaðst hafa ætlað að fá Geirfinn með sér í heimsókn til Sjafnar þá þegar hún fór kvöld þetta laust fyrir kl. 20.00, en hann vill ekki koma með og lagðist hann þá upp í rúm og kvaðst hann ætla að lesa. Guðný kvaðst hafa komið aftur á heimili sitt um kl. 21.3o og þá hafi Þórður Ingimarsson verið þar fyrir, þ.e.a.s. þeir voru tveir einir heima, Geirfinnur og Þórður Ingimarsson. Laust fyrir kl. 22.00 hafi þeir sýnt á sér fararsnið og þá þegar þeir voru að ganga út, bað Guðný Geirfinn um að kaupa fyrir sig sigarettur á leiðinni og skildist henni þá að hann ætlaði aðeins að skreppa út stutta stund. Þegar Geirfinnur var á leið út staldraði hann við og bað hann hana um peninga fyrir sigarettum. Guðný minnist þess að hún hafi látið hann hafa einn hundraðkrónur seðil, og eitthvað af smápeningum. Guðný segir að Geirfinnur hafi ekki gefið neina skýringu á því hvert hann ætlaði eða til hvers, en af allri háttsemi Geirfinns, skyldist henni að hann ætlaði, eins og fyrr segir að vera í burt stutta stund. Guðný telur, að Geirfinnur hafi komið heim um kl. 22.15 22.20, segir hún að Geirfinnur hafi dvalið heima í nokkrar

mínútur, en þá hafi verið hringt og sonur þeirra Sigurður 10 ára, fæddur 13.8. 1964, hafi svarað í símann, en að sögn drengsins, sem ég undirritaður hafði tal við, sagði hann að karlmannsrödd hafi spurt í símanum hvort Geirfinnur væri heima. Drengurinn svaraði játandi og óskaði þá karlmaður þessi eftir að fá að tala við hann. Þegar Geirfinnur fór í símann, heyrði Guðný, sem var í svefnherbergi, að hann sagði, ég er búinn að koma, og litlu síðar, jæja þá ég kem, þetta er ekki orðrétt en Guðný telur að meininguna hafa verið þssa. Guðný segist ekki minnast þess að Geirfinnur hafi sagt annað í símann en þessar setningar. Að símtalinu loknu tók Geirfinnur upp pípu sína og píputóbak, klæddi sig í úlpu og gerði sig líklegan til að fara á burt. Sonur Geirfinns spurði hvort hann mætti koma með,í fyrra skiptið sem Geirfinnur fór út, en Geirfinnur kvað nei við því. Að sögn Guðnýjar ók Geirfinnur burt frá heimili þeirra á bifreið þeirra Ö-1577, sem er Cortina árgerð 1970, rauð að lit. Eftir að Geirfinnur fór út af heimili sínu hefur hann ekki sést síðan svo vitað sé . Bifreið Geirfinns fannst eins og fyrr segir við Verslun Kaupfélagsins við Víkurbraut og við rannsókn á bifreiðinni kom ekkert fram sem bent gæti á neitt misferli og ekkert sérstakt fannst í bifreiðinni sbr. meðfylgjandi skýrslu um athugun á henni.

Aðspurður sagði Guðný að þau hjónin hafi fengið síma í febrúarmánuði 1974 og nr. þeirra er 3157, og vegna þessa er Geirfinnur ekki skráður í símaskránni 1974. Við athugun hjá upplýsingum hefur komið í ljós að ógerlegt er að segja um hver eða hvort einhver hafi spurt hvaða símanúmer væri hjá Geirfinni. Eins hefur komið fram að hringt hafi verið heim til Ellerts Skúlasonar atvinnuveitanda Geirfinns og hann spurður um símanúmer hans.

Guðný segir, að Geirinnur hafi yfirleitt verið heilsuhraustur og nefnir hún að Geirfinnur hafi aðeins kvartað lítillega um kvalir í maga fyrir all-löngu síðan og einnig að hann hafi kvartað um verk í hjarta. Segir hún að hann hafi aldrei farið til læknis vegna þessa. Guðnýju er ekki kunnugt um að Geirfinnur hafi haft líftryggingu. Guðný segir að Geirfinnur eigi í fórum sínum haglabyssu sem nú er í vörslum lögreglunnar. Guðný segir að Geirfinnur hafi ekki átt nein skot í byssu þessa og segir að hann hafi keypt

hana af einhverjum félaga sínum fyrir rúmu ári síðan. Guðný segir að Geirfinnur hafi ekki haft byssuleyfi en fær lögreglunni í hendur umsókn um byssuleyfi sem stíluð er á nafn Georgs Valentínussonar kunningja Geirfinns og er sú umsókn stíluð á haglabyssu sem fyrr er nefnd og er að gerðinni Baikal hlaupvídd 12, nr. KO 2159. Við athuganir hefur komið í ljós, að Geirfinnur hefur ekki byssuleyfi, a.m.k. ekki útgefið í Keflavík. Við rannsókn máls þessa hefur komið í ljós, að Geirfinnur hefur starfað langdvölum fjarri heimili sínu og þá aðallega við framkvæmdir í Sigölduvirkjun og Búrfell. Skýrslu þessari fylgir úttekt um vinnu Geirfinns þar sem af er ársins 1974.

Guðný segir, að komið hafi fyrir að Geirfinnur hafi farið á dansleik án þess að hún væri með og hafi hann farið á dansleik fyrir u.þ.b. þremur vikum þá í Stapa, ásamt Birgi Kristjánssyni, hálfbróður mættu Guðnýjar. Einnig segir Guðný að Geirfinnur hafi farið á dansleik síðastliðið sunnudagskvöld ásamt Þórði Ingimarssyni og Birni Marteinssyni, Klapparstíg í Njarðvík og þeir hafi þá farið í veitingarhúsið að Lækjarteigi 2. Segir mætta að Geirfinnur hafi komið af þessum dansleik um kl. 02.00, aðfaranótt mánudags, og hafi hann þá haft orð að dansleikurinn hafi verið skemmtilegur. Segir mætta að Geirfinnur hafi farið til vinnu sinnar að venju á mánudagsmorgunn og unnið þann dag allan. Mætta kveðst telja að Geirfinnur hefði dvalið á heimili sínu á mánudagskvöld. Þá segir mætta að Geirfinnur hafi mætt í vinnu á þriðjudagsmorgunn, og hafi hann komið eins og fyrr segir heim um kl. 18.00. X

Þá upplýsti Guðný mig um að þau væru sæmilega stæð fjárhagslega, hefðu alltaf staðið í skilum með afborganir á húseign, sem er íbúðin að Brekkubraut 13, kjallarinn, og að þau hafi keypt sér bifreiðina sem þau eiga nú Ö-1577 á miðju sumri og greitt fyrir hana kr. 240.000.- út í hönd. MÆtta segir að þau hafi sameiginlegan ávísanareikning í Verslunarbankanum í Keflavík, og séu laun Geirfinns alltaf lögð inn á þennan reikning. Með skýrslu þessari fylgir afrit af bankareikningi þessum allt frá áramótum 1973-4. Þá fylgir hér með æviferilsskýrsla Geirfinns, en hana á eftir að vinna miklu mun nánar en nú er.

Þá hafði ég undirritaður tal af Guðlaugu Jónasdóttur, Melteig 6, Keflavík, en hún er afgreiðslustúlka í Hafnarbúðinni.

og var hún við afgreiðslu þetta kvöld. MÆtta segist minnast þess að um kl. 22.00 hafi Geirfinnur komið inn í verslunina og hann hafi keypt þar einn pakka af Winston sigarettum og segir hún að hann hafi greitt með 100 kr. og einhverjum smáaurum. Minnist hún þess ekki að hafa gefið honum til baka. Litlu síðar gekk Geirfinnur út úr búðinni og hefur Guðlaug ekki séð hann síðann. Nokkru eftir að Geirfinnur kom í verslunina, eða 10.00 eða 15 mínútum síðar, hafi maður nokkur komið þar inn og hann hagað sér all undarlega hafi gengið fram og tilbaka eftir ganginum og horft mikið í afgreiðsluborðið sem er úr gleri, ~~xxxxxxþar~~ og sést þar útstillt sælgæti o.fl. Hún kveðst hafa spurt hann hvort nokkuð væri hægt að gera fyrir hann, en þá hafi hann svarað "ég ætla ekkert að fá", litlu síðar biður hann að um að fá lánaðann síma og biður Guðlaug hann að gjöra svo vel. Maðurinn fór að símanum, hringdi án þess að nota símaskrá, og talaði sutt í símann. Guðlaug kveðst ekki hafa veitt þessu neina sérstaka athygli og ekki heyrt hvað um var talað.

Guðlaug lýsti manni þessum svo: Rúmlega meðalmaður að hæð, grófur í andliti, með eðlilegan litarhátt, ljós yfirlitum, með skollitað hár niður fyrir eyru og með ennistopp, vöxturinn samsvaraði sér vel, var snyrtilegur til fara, klæddur í brúnann leðurlíkisjakka, rasssíðann með lausu belti og ljósum tveedbuxum hann brosti eða glotti þegar hann átti tal við starfsstúlku, að sögn Guðlaugar kom maður þessi vel fyrir og var ekki að merkja neitt annarlegt við hann, hvorki af völdum áfengis, lyfjanotkunar eða annars. Aðspurð telur mætta fullvíst, að hún endurþekki mann þennan ef hún sjái hann aftur.

Þá hafði ég undirritaður tal af Ástu Grétarsdóttur, Vesturgötu 15 í Keflavík, en hún er 16 ára. Hún var stödd inn á Hafnarbúðinni ásamt Sigríði Georgsdóttir Íshússtíg 3 í Hafnarbúð á fyrrgreindum tíma. Ásta kveðst hafa séð þegar Geirfinnur kom inn, en hún þekkir hann í sjón. Telur hún hann hafa keypt eitthvað og segir að Guðlaug hafi afgreitt hann. Telur hún að Geirf.hafi beðið frammi í 1o-15 mínútur. Dregur hún þessa ályktun af því, að hurðin útihurð Hafnarbúðarinnar skellur aftur ef einhver kemur eða fer, en ekki er hægt að sjá ~~þá~~ að útidyrum vegna skilrúms sem er á milli andyris og veitingarsalar.

Ásta kveðst hafa séð þegar maður kom inn í gulbrúnum leður-jakka. Kveðst hún hafa veitt þessum manni nokkra athygli, þá er hann fékk lánaðann síma, talaði í hann stutta stund, en telur hún að hann hafi farið fljótlega út. Sérstaklega kveðst mætta

hafa veitt því eftirtekt, að nokkur löng stund leið frá því að hurðin skelltist og þangað til maður þessi kom í ljós, þá þegar hann gekk að símanum. Kveðst mætta oftast líta upp og athuga hver gengur í salinn, þá þegar hún heyri hurðina opnast. Mætta segist oft dvelja á Hafnarbúðinni á kvöldin. Kveðst mætta eins og fyrr segir hafa veitt athygli gulbrúnum leðurjakka með belti sem maður þessi var klæddur, jakkinn var niður í sniði og var hann óhnepptur og beltið lafði niður. Kveðst hún minnast þess, að hafa séð að maðurinn var með belti við buxur sínar. Ekki kveðst hún minnast litar á skyrti eða hvort hann hafi verið með hálsbindi. Kveðst hún ekki heldur vera fullviss um lit á buxum mannsins. Mætta segir að maðurinn hafi verið mjög stutt í símanum gengið síðan að afgreiðsluborði og telur hún að hann hafi greitt símtalið eftir að hann notaði símann. Hafi hann því næst gengið rakleitt út úr Hafnarbúðinni. Þá kveðst hún hafa séð örstutta stund framan í manninn. Mætta kveðst eiga óhægt með að lýsa manninum, en hún var þó sammála lýsingu Guðlaugar, en hún telur sig fullvissa um að endurþekkja manninn ef hún sjái hann aftur.

Lögreglan lýsti eftir fólki sem var í Hafnarbúðinni á þessu tímabili, og gáfu sig fram eftirtaldir aðilar, Hrefna Óskarsdóttir, Hringbraut 45, Jóhann Pétursson, Sólvallagötu 4, Jóhann Guðfinnsson frá Grindavík. [Nokkrar athuganir hafa farið fram á högum Geirfinns öllum og hefur það ekkert komið fram sem óeðlilegt gæti talist.]

Lögreglan í Keflavík lýsti eftir Geirfinni í útvarpi, fimmtudaginn 21. þ.m. og hljóðaði lýsingin svo: Frá lögreglunni í Keflavík, lýst er eftir Geirfinni Einarssyni, Brekkubraut 15, Keflavík, sem fór að heiman frá sér kl. 22.30 á þriðjudagskvöld, en síðan hefur ekkert til hans spurt. Geirfinnur var klæddur blárri mittisúlpu með skinnfóðraðri hettu, grænum flauelsbuxum og í brúnum skóm. Hann er um 175 cm. að hæð, meðalmaður á vöxt, skolhærður, hann er um 30. (32 ára fæddur 7.9. 1942 nnr. 2549-9646). Þeir sem gætu gefið upplýsingar um ferðir Geirfinns Einarssonar eftir kl. 22.30 s.l. þriðjudagskvöld vinsamlega gerið lögreglunni í Keflavík viðvart. Þetta var birt í útvarpinu eins og fyrr segir 21. þ.m. 2 sinnum kl. 09.3o og 2 sinnum kl. 12.00. Leit hefur farið fram af Geirfinni og að henni hafa staðið björgunarsveitin Stakkur í Keflavík og hjálparsveit skáta

í Njarðvík. Leitað hefur verið með fjörum, kafað hefur verið í Keflavíkurhöfn og með klettunum alla leið út að Bergi. Einnig hefur verið kafað í Sandgerðishöfn. Leitað hefur verið á afmörkuðum svæðum alla byggðina Keflavík, Njarðvík, Innri-Njarðvík og inná Stapa, gengnar hafi verið fjörur, inn strönd allt inn undir Kúagerði, en þar hafa verið sjálfboðaliðar á ferð frá Vogum og inn á Kúagerði. Hjálparsveit skáta í Njarðvík, hefur leitað meðfram öllum akfærum vegum og vegaslóðum á afmörkuðu svæði vestan við Grindarvíkurvegamót og í nágrenni Njarðvíkru. Þrátt fyrir eftirgrennslanir á ýmsum stöðum, hjá kunningjum Geirfinns víða um land hefur ekkert til hans spurts.

Þetta tilkynnist yður hér með herra lögreglustjóri.

Virðingarfyllst.

Haukur Guðmundsson
Haukur Guðmundsson.rannsóknarlögreglumaður.

Skýrslan er sennilega gerð eftir segulbandupptöku í feb. 76 á vegum NS.
Sjá bls. 3032.

Kærubók nr. ..................... 19

3022

Nr. .................. Lagt fram í sakadómi

Keflavíkur .................. 19

Sakad.b. nr. .................. bls. ..................

9

# Lögreglan í Keflavík

# SKÝRSLA

Fimmtu daginn 21. nóv. 19 74 kl. 18,10 fór ég undirritaður ásamt Halldóri Jenssyni, varðstjóra, að versl. Járn og Skip, við Víkurbraut. Þar tókum við bifr. Geirfinns Einarssonar, Ö-1577, sem er rauð Cortina árgj. 1970.

Um: Leit í bifr. Ö-1577.

Bifr. fluttum við á slökkvistöðina í Keflavík. Þar inni reyndi Halldór Jensson að ná fyngraförum af bifr. bæði að utan og innan, en án árangurs.

Einnig framkvæmdum við ýtarlega leit í bifreiðinni, en ekkert kom í ljós sem bent gæti til um af-drif Geirfinns. Bifr. var síðan flutt á lögreglustöðina.

Aðgerðir þessar voru framkvæmdar xx samkvæmt ósk Hauks Guðmundssonar, rannsóknarlögreglum.

Afgreiðsla:

Þetta tilkynnist yður hér með herra lögreglustjóri.

Virðingarfyllst

John Hill, varðstjóri.

LÖGREGLUSTJÓRINN Í KEFLAVÍK

Kæruskrá nr.: ..................

Skýrsla af Guðnýju Sigurðardóttur varðandi
hvarf Geirfinns Einarssonar.

Fimmtudaginn 28. nóvember kl. 11.3o, erum við undirritaðir mættir á heimili Guðnýjar Sigurðardóttur, Brekkubraut 15, Keflavík, og tökum eftirfarandi skýrslu af henni. Guðný er fædd 19.12. 1948 í Keflavík.

1, Hjúskaparstofnun, búseta og atvinna.

Guðný segir, að hún og Geirfinnur hafi kynnst fyrrihluta árs 1963 og unnu þau þá saman í hraðfrystihúsi Keflavíkur h.f. Trúlofun sína opinberuðu þau þann 31. desember s.á. og gengu í hjónaband 2o. desember 1964.

Veturinn 1963 bjuggu þau í herbergi, að Kirkjuvegi 45 í Keflavík, en fluttu síðan að Túngötu 13 í Keflavík, þar sem þau bjuggu um tíma. Þá fluttu þau að Kirkjuvegi 28a og bjuggu á þeim stað þar til þau fluttu í eigin íbúð að Vallargötu 24, í kjallara. Þar dvöldu þau til ársins 1972 að þau fluttu að Brekkubraut 15 í Keflavík, en þá íbúð keyptu þau það ár og hafa búið í henni síðan. Börn þeirra hjóna eru Sigurður f. 13. ágúst 1964 og Anna Birgitta f. 1.1. 1970.

Um atvinnu Geirfinns þessi ár segir hún, að Geirfinnur hafi unnið við hafnarframkvæmdir í Njarðvík, á vegum Efrafells vorið 1965, en farið síðan til vinnu í Búrfelli á vegum Efrafalls. Þegar Geirfinnur hætti störfum hjá Efrafalli, hóf hann störf hjá Ellert Skúlasyni í Njarðvík, þar sem hann hefur starfað síðan. Allt frá árinu 1965, hefur Geirfinnur starfað á þungavinnuvélum hjá fyrrgreindum aðila, að undanskyldu tímabili árið 1968, þegar hann sótti meiraprófsnámskeið í Keflavík. Á þeim tíma vann hann hjá Keflavík h.f.

2. Framkoma á heimili, og um breytingu á framkomu og hegðun undanfarið.

Guðný segir, að Geirfinnur hafi alla tíð verið mjög rólegur í framkomu og kveðst hún aðeins einu sinni hafa séð hann virkilega reiðan, en þá var hann undir áhrifum áfengis. Segir hún, að Geirfinnur þegi ef hann reiðist og rífst ekki, og byrgi mikið inni sín persónulegu málefni. Kveður hún Geirfinn mjög ákveðinn í skoðunum og lýsir því þannig, að biðji hún hann einhvers og hann segi nei, þá sé reynsla hennar sú, að ekki þýði að reyna að breyta þar um. Guðný segir, að Geirfinnur hafi, að hennar mati, ekki sýnt uppeldi barna sinna neinn sérstakan áhuga, og hafi hann látið hana að mestu um þann þátt, þó ekki vilji hún beinlínis segja, að hann hafi verið afskiptalaus um þeirra hagi. Bendir hún á, að þegar Geirfinnur komi heim úr vinnu, hafi hann oft verið þreyttur og settist þá oftast inn í stofu, eftir að hafa snætt kvöldverð og horfi á sjónvarp og las, og fari þá oft lítið fyrir honum. Um vinnu sína eða atburði dagsins ræði hann ekki um við sig. Kveður hún það mikið hafa borið á þessu afskiptaleysi, að fyrir um 2 mánuðum kveður hún þau hafa rifist um þetta atriði, og hafi hún þá sagt honum, að hún myndi ekki búa við þetta lengur og hafi hún jafnvel nefnt það, að þau ættu "þá bara að skilja", þar sem honum virtist ekki þykja neitt vænt um þau lengur, í það minnsta sýndi hann hvorki henni né börnunum neina ástúð. Guðný kveðst hafa sagt honum, að hún væri ekki ánægð með það, hvað hann sýndi henni litla ástúð og jafnframt, að hún þyrfti e.t.v. "að leita af ástúð annars staðar". Geirfinnur hafi einskis spurt um þetta atriði, og hafi þau farið að sofa þá um kvöldið, án þess að þetta væri nokkuð rætt frekar. Daginn eftir þetta samtal kveðst hún hafa spurt Geirfinn af því, hvort hann myndi fyrirgefa henni, ef hún hefði haldið framhjá honum og svaraði hann því játandi. Hafði hann á orði, að hann vildi ekki halda í hana, ef hún óskaði eftir skilnaði, en hann vildi sjálfur að sambúð þeirr héldi áfram og vildi reyna að bæta framkomu sína. Segir hún að Geirfinnur hafi einskis frekar spurt um það, hvort hún hafi átt vingott við aðra menn. Guðný telur, að Geirfinnur hafi virtst taka þetta mjög nærri sér, að minnsta kosti hafi hann verið frekar miður sín næsta dag. Segir hún, að eftir þetta hafi framkoma

Geirfinns breytst allverulega. Hafði hann orð á því, að hann skyldi reyna allt hvað hann gæti, en sagðist bara vera svona gerður. Segir hún, að eftir þetta hafi Geirfinnur reynst henni hjálplegur, hann hafi hjálpað henni að vaska upp, sem hann gerði ekki áður, og aðstoðað börnin við að læra og segir hún að það hafi verið það mikil breyting á framkomu Geirfinns, að hún hafi jafnvel orðið undrandi á því. Sem dæmi nefnir hún, að hálfum mánuði eftir þetta rifrildi þeirra hjóna, hafi hún beðið hann að fara niður í blómabíl og kaupa tómata og hafi hann þá komið heim aftur með blóm og fært henni, en slíkt hafi hann aldrei gert áður, að eigin framkvæði, og ekki einu sinni er hún fæddi börnin. Segir hún að henni hafi virtst Geirfinnur reyna að sýna það, að honum þætti vænt um hana og börnin og virtist henni hann leggja sig allan fram um að bæta ráð sitt.

3. Hjúskaparbrot.

Guðný segir, að hún hafi fyrst átt vingott við annan mann, en eiginmann sinn, meðan hún bjó á Vallargötu 24, og heiti sá maður Páll, en hann leigði þá herbergi uppi í verslun Nonna og Bubba í Keflavík og var þá á vertíð. Kveðst hún hafa hitt mann þennan, að hún telur þrisvar sinnum, en síðan hafi slitnað upp úr því sambandi, og séu nokkur ár síðan að samband þeirra rofnaði. Þó kveðst hún hafa séð mann þennan af og til á dansleikjum í Keflavík, og þau þá bara heilsast og hún dansað við hann, en ekkert meir. Kveður hún hann hafa einu sinni stungið upp á því, að hún færi með honum út af dansleik, en hún hafi neitað því. Þá kveðst hún einnig hafa átt samband við Pétur að hún telur Bjarnason, sem keyrði vörubifreið hjá Keflavík h.f. og var það einnig á meðan hún bjó á Vallargötu. Segir hún að eftir að þau hjón fluttu að Brekkubraut 15, hafi hún hætt að eiga vingott við aðra menn, og segir að svo hafi staðið þar til um mánaðarmótin júní-júlí s.l., að hún kynntist Svanberg Helgasyni, Álfheimum 28, Reykjavík, (skýrsla nr. 6), en honum kynntist hún einhversstaðar á flötunum í Garðahreppi í samkvæmi eftir dansleik. Segir hún að samband þetta hafi haldist síðan og hafi hún hitt hann síðast mánudagskvöldið 18. þ.m. Hafi hún ennfremur farið til Reykjavíkur bæði á fimmtudaginn 14. og föstudaginn 15. þessa mánaðar til fundar við Svanberg og hafi hún farið heim til hans að Álfheimum 28 í bæði skiptin. Kveðst hún hafa verið um 3klst. að heiman hvorn dag vegna þessara ferða.

Þá hafi Svanberg oft komið á heimili hennar, eftir að börnin voru sofnuð og á meðan Geirfinnur vann í Búrfelli. Þau hafi oft haft símasamband sín á milli, en hún telur að Geirfinnur hafi aldrei orðið þessa var. Hins vegar hafi það komið fyrir, að börn hennar svöruðu í síma er Svanberg hringdi og hafi hann þá lagt á og hringt síðar. Segir hún að Sjöfn Traustadóttir, Vesturgötu 13, Keflavík og Heiðrún Guðleifsdóttir, hafi verið kunnugt um þetta samband þeirra Svanbergs. Telur hún að öðrum hafi ekki verið þetta kunnugt.

Guðný segir, að einhvern tímann s.l. september hafi hún verið á dansleik í Stapa í Njarðvík, ásamt Sjöfn Traustadóttur og Bertu Jakobsdóttur og fleiri kunningjum. Hafi hún á dansleik þessum orðið mjög drukkin og eftir dansleikinn var farið í bifreið með Pétri Guðlaugssyni í Nýjabæ í Vogum. Þar kveðst hún hafa sofnað og vaknað um morguninn í rúmi Péturs og kom hún heim um 1o leytið þennan morgun, en börnin voru ekki á heimilinu þá. Guðný kveðst álíta að dansleikur þessi hafai verið um mánaðarmótin september-október.

Segir hún, að u.þ.b. 1o dögum síðar hafi kona eða ung stúlka hringt á heimili hennar, og brygslað henni um framhjáhald. Segir hún að stúlka þessi hafi kallað hana mellu og öðrum ónöfnum, og sagt að hún léti "alla ríða", og ekki viljað gefa upp, hver hún væri og skellt á símanum, er Guðný fór að ganga á hana. Stúlka þessi hringdi samtals þrisvar sinnum umræddan morgun og var þetta á virkum degi og Geirfinnur að vinna hér í nágrenninu. Í einu símtalinu hótaði stúlkan, að láta Geirfinn vita um þessa háttsemi Guðnýjar. Þegar Geirfinnur kom í hádegismat þennan dag kveðst Guðný hafa sagt honum frá atvikinu, og hafi hún sagt honum nákvæmlega frá símtalinu. Hann hafi ekki gefið neitt út á þetta, annað en það, að hann hafi verið hissa og spurt, "hvað ertu að segja". Segir hún, að Geirfinnur hafi ekki breytst í viðmóti eftir þetta atvik. Guðný segir, að hún hafi ekki haft nein samskipti við Pétur Guðlaugsson síðan.

Kveðst hún alla sína hjúskapartíð hafa farið á dansleiki ásamt vinkonum sínum og án Geirfinns, ef því var að skipta, og segir að Geirfinnur hafi jafnvel verið þess hvetjandi að hún færi út og skemmti sér, en bent á að hann væri þreyttur og nennti ekki með. Hafi hann jafnframt haft á orði, að hann hafi bundið hana alltof unga og væri ekkert óeðlilegt að hún

vildi fara út og skemmta sér.

Ekki kveðst hún vita til þess, að Geirfinnur hefði átt vingott við aðrar konur. Kveður hún hann aðeins 2 sinnum hafa farið á dansleik nú undanfarna 2 mánuði, einan. Í annað skiptið í Félagsheimilinu Stapa og kom hann þá heim áður en dansleiknum lauk og hafði á orði að það hafi verið leiðinlegt. Í annað skiptið í Veitingarhúsið Lækjarteigi 2, sunnudagskvöldið 17. þ.m. (skýrsla 1) og kom þá heim um kl. 02 og kvað það hafa verið gaman á dansleiknum.

4. Kunningjar og vinir.

Guðný segir, að Geirfinnur hafi ekki átt neina sérstaka trúnaðarvini að hún telur. Fáir hafi hringt til hans, eða komið til þess bara að rabba við hann. Þó telur hún, að einn af nánustu vinum hans sé Georg Valentínusson, búsettur í Leirhöfn í Þingeyjarsýslu, en þeir voru nánir vinir í um tveggja ára skeið. Þá segir hún, að Þórður Ingimarsson, hafi haft þó nokkuð mikil samskipti við hann sérstaklega núna síðustu vikurnar. Ennfremur hafi Leif Steindal verkstjóri hjá Ellert Skúlasyni, þekkt Geirfinn allvel, en þeir hafi unnið saman um nokkra ára skeið. Sameiginlegir kunningjar þeirra hjóna eru að sögn Berta Jakobsdóttir og Ólafur Tryggvason, Mávabraut 4, og Bragi Eyjólfsson og kona hans. o.fl.

5. Fjárhagsafkoma, lántökur, fjárfesting,launagreiðslur,peningaupphæð vegna heimilishalds og annarra útgjalda.

Guðný segir, að öll vinnulaun Geirfinns hafi verið lögð inn á ávísanareikning þeirra nr. 34627 við Verslunarbankann í Keflavík, og hafi alltaf verið aðeins eitt ávísanahefti í notkun á hverjum tíma og það þá verið á heimilinu. Segir hún, að höfuðreglan hafi verið sú, að hún hafi skrifað út ávísanir, en Geirfinnur í þeim tilvikum, er hann þurfti að nota peninga sérstaklega og færði hann þá þær upphæðir á svuntu heftisins, en lét hana um að fylgjast með innistæðunni á reikningnum. Segir hún, að þau hafa sjaldan farið fram yfir á reikningnum og hafði Geirfinnur stundum orð á því, er hann hafði útfyllt nokkrar svuntur, án þess að reiknað væri út innistæðan, að hún ætti að reikna þetta út, til að sjá hvernig reikningurinn stæði. Telur hún, að þau hafi haft góða fjárhagsafkomu á árinu

og hafi þau getað keypt sér allt það,er þau vanhagaði um og hafi sig aldrei skort fé til neins. Eigi þau öll heimilistæki, plötuspilara, sjónvarp, og ísskáp, frystikistu, sjálfvirka þvottavél, hrærivél og allt sem til heimilisins þarf, og hafi Geirfinnur keypt flest af þessum tækjum og gefið henni.

Í júlílok í sumar endurnýjuðu þau bifreið sína og keyptu sér Cortinu árgerð 1970, fyrir kr. 240.000.-, sem þau staðgreiddu. Segir hún, að alltaf hafi verið staðið í skilum með afborganir á íbúðinni og að þau hafi, ekki átt hlut í fyrirtækjum eða verið í neinum rekstri. Þá viti hún ekki til þess, að Geirfinnur hafi reynt að fá lán í bönkum eða annars staðar, nema í sambandi við íbúðarkaupin. Í heild megi segja, að þau hafi ekki fjárfest í neinu öðru, en heimilinu, húsinu og bifreiðinni. Segir hún, að Geirfinnur láti sig yfirleitt hafa launamiðann til þess að hún geti fært inná ávísanaheftið, en stundum gerir hann það sjálfur.

6. Pótur og bréfasendingar, langlínusamtöl, skeytasendingar.

Guðný telur, að Geirfinni hafi ekki borist nein einkabréf, bögglar, né skeyti, né neitt af þessu tagi, svo henni sé kunnugt um. Bréf hafi hann þá helst fengið frá föður sínum, e.t.v. eitt á ári.

7. Ferðalög utan og innanlands.

Guðný segir, að s.l. 1o ár eða meira hafi Geirfinnur ekki farið erlendis, en áður hafi hann siglt með togara. Telur hún, að tungumálakunnátta hans sé mjög lítil, aðeins ef til vill lítils háttar kunnáttu í ensku. Í sumar fóru þau hjón norðurleiðina í sumarfrí og fóru þá í bifreiðinni sinni Ö-1577, norður og austur á land alla leið til Fáskrúðsfjarðar og voru þau tvö ásamt dóttur þeirra á þessu ferðalagi. Tók ferðalagið um 13 daga. Segir hún ferðalag þetta hafi verið í ágústmánuði og telur, að allt hafi gengið þar snuðrulaust og ekkert óvænt hafi gerst. Á leiðinni gistu þau hjá kunningjafólki sínu. Þá segir hún, að er þau óku framhjá bænum "Straum" á héraði, þar sem Geirfinnur ólst upp til 17 ára aldurs og strauk frá, þá hafi hann ekki viljað hafa þar viðdvöl, enda fólk væri þar úti við.

8. Heilsufar, lyfjanotkun, tímabundinn einkenni taugaveiklunar eða þunglyndis.

Guðný segir lyfjanotkun hans hafa enginn verið, að því undanskyldu, að núna undanfarna mánuði hafi hann notað lyf vegna exemis í hári og hárloss og hafi hann leitað til Arnbjörns Ólafssonar læknis í því sambandi.

Þá segir hún ennfremur, að fyrir nokkrum mánuðum hafi, hann kvartað yfir því, er hann kastaði þvagi, að í því væri grár litur, en hann sá ekki ástæðu til að leita læknis. Endaði það með því, að Guðný fór sjálf með þvagprufu til læknis og fékk þann úrskurð, að gröftur væri í þvaginu og fékk hann meðul við því og virtist það lagast. Þá segir hún,að vorið 1973 hafi hann kvartað undan því, að hann væri með "ber" í brjóstinu hægra meginn og virtist hann finna fyrir þessu, sérstaklega ef föt hans nudduðust við þennan stað. Hafi hún margsinnis haft orð á því, að hann ætti að leita læknis og fór hann að lokum til Kristjáns Sigurðssonar sjúkrahúslæknis í Keflavík, en þá var "ber" þetta horfið.

Fyrir 4-6 mánuðum segir hún, að Geirfinnur hafi farið að tala um að hann fyndi til fyrir hjartanu og segir hún, að eftir vinnu hafi hann oftsinnis minnst á þetta, en hann hafi aldrei viljað gera neitt úr þessu, og alls ekki leitað læknis. Hafi hann jafnvel tekið þessu í gríni og sagt "ja ég dey þá bara nokkrum mánuðum fyrr". Að hennar mati hafi fátt virtst koma Geirfinni úr jafnvægi. Hafi hann yfirleitt reynt að blanda sér sem minnst inn í mál annarra og haft á orði að hinir og þessir hlutir er aðra viðkom, kæmi honum ekki við og þyrfti hann ekki um þá að hugsa.

Um óeðlilegt þunglyndi kveðst hún ekki hafa orðið vör við, hann sé eins og hún hafi sagt, þungur að eðlisfari, en óeðlilega þögull undanfarið hafi hann ekki verið. Segir hún, að um síðast liðna helgi eða á fimmtudag hafi þau byrjað að lagfæra barnaherbergi í íbúðinni, eftir að þau höfðu farið í búð og keypt málningu og vann Geirfinnur í því og lauk við það verk á föstudagskvöldið. Kveðst hún þá hafa haft orð á því, að hún vildi að forstofan yrði tekin í gegn fyrir jól og hafi hann ekki tekið illa í það. Segist hún að jafnaði hafa þurft að hafa frumkvæði að slíkum framkvæmdum, en ef hann byrji á verkinu þá lyki hann við það.

9. Hegðun undir áhrifum áfengis og annað er varðar áfengisneyslu.

Guðný segir, að Geirfinnur hafi oftast fengið sér áfengi um helgar og hafi gert það um árabil. Nú á síðari árum hafi það ekki komið fyrir, að hann færi út einn, eftir að hann hafði smakkað áfengi. Oftar óski hann þá skyndilega eftir því, að þau hjónin færu á dansleik. Segir hún að viðbrögð hans undir áhrifum áfengis séu yfirleitt þau að hann "fái málið" og sé þá hinn ræðnasti. Yfirleitt drekki hann mikið og verði þá drukkinn, en þá komi yfirleitt að því, að hann dragi sig hljóðlaust í hlé. Komi slíkt jafnvel fyrir þótt hann hafi boðið gestum heim, að þá láti hann sig hverfa og fari að sofa. Sem dæmi um þetta, vill hún benda á atvik, er gerðist í veitingarhúsinu að Lækjarteigi 2 Reykjavík, fyrir um tveim árum, er þau hjón voru að skemmta sér ásamt kunningjafólki sínu. Hvarf þá Geirfinnur skyndilega. Kveður hún þau hafa leitað af honum í húsinu og síðan spurt dyravörð og hafi hann kannast við að hafa hleypt manni, sem lýsing þessi átti við út úr húsinu þá um kvöldið. Þegar Guðný kom heim til sín um morguninn var Geirfinnur þar sofandi. Hafði hann þá farið út úr húsinu og í leigubifreið, en þar sem hann átti ekki fyrir ökugjaldinu, þurfti hann að vekja upp tengdamóður sína um nóttina og fá peninga þar. Telur hún þetta jafnvel einkenni um framkvæmd á þeim hugdettum, er hann fær. Guðný telur, að enginn breyting hafi orðið á áfengisneyslu Geirfinns undanfarið ár eða meir, hvorki aukning né minnkun, en kveðst hins vegar ekki geta sagt um þá tíma, er hann var við störf utan heimilis, þar sem hann talaði aldrei um það við sig. Hún segir, það aldrei koma fyrir að Geirfinnur drekki "daginn eftir", og mætir hann í vinnu, þótt hann hafi neytt áfengis kvöldið áður. Þó kveður hún það hafa komið fyrir, að hann hafi ekki mætt á laugardegi, ef hann hafi neytt áfengis á föstudagskvöldi. Ekki kveðst hún hafa veitt eftirtekt neinum óeðlilegum símtölum eða örðu af hans hálfu við áfengisneyslu.

Guðný segir, að einu sinni hafi honum sinnast við bróður sinn, fyrir nokkuð löngu og var það út af smá atviki, er átti sér stað á heimili þeirra, en þá var þar fólk við áfengisdrykkju. Þá hafi þeir bræður eitthvað farið að tuskast og hafi hún þá séð Geirfinn í eina sinnið æfan. Segir hún að hann

hafi þá ekkert vitað, hvað hann aðhafðist.

10. Áhugamál.

Guðný segir, að Geirfinnur hafi ekki stundað neinar íþróttir, ósyntur að hún telur, og sýni íþróttum yfirleitt lítinn áhuga. Hann hafi gaman af því að tefla, og taki stundum tafl við kunningja sína. Kveður hann hann lesa mikið, og biðji hann þá Guðnýju oftast um að ná í bækur fyrir sig á bókasafninu og séu það þá sjómannasögur, frásagnir og höfundar eins og Alecter Macclean, Dustmann Boogley. Síðast var Geirfinnur að lesa bókina "Lífsneisti", eftir Erich Maria Remarque og var hann hálfnaður með þá bók.

Guðný segir, að Geirfinnur hafi ekki spilað mikið á spil. Hann hafi svo hún viti, einstaka sinnum spilað bridge við kunningja sína. Um peningaspil kveðst hún ekki vita neitt með vissu, en telur það ólíklegt að hann hafi tekið þátt í slíku. Segir hún, að yfirleitt hafi hann ekki farið með meira en 2000 krónur með sér, er hann fór austur, og fór alltaf án tékkheftis.

11. Vopnaeign.

Guðný segir, að Geirfinnur eigi haglabyssu, sem hann hafi keypt fyrir u.þ.b. ári síðan á kr. 4.000.- af pilti, er hún viti ekki deili á. Segir hún, muna eftir því, að hann hafi farið tvisvar sinnum á fuglaveiðar með Georg Valentínussyni og kom hann þá heim með sjófugla í matinn. Kveðst hún ekki vita til þess, að hann eigi nú skot í byssu þessa. Byssan er haglabyssa, hlaupvídd 12, tegund, Baikael nr. K 02159. Kveðst hún ekki vita hvort Geirfinnur hafi byssuleyfi, en telja að svo hafi ekki verið.

12. Kynferðislegar tilhneyingar og kynferðissamband þeirra hjóna.

Guðný segir, að eftir á að hyggja, virðist henni sem Geirfinnur hafi ekki haft mikla reynslu í kynferðismálum er þau kynntust. Þó segir hún, að hún hafi enga reynslu haft áður og eigi ekki gott með um þetta að dæma. Segir hún að kynlíf þeirra hjóna hafi verið mjög með eðlilegum og formföstum hætti.

Segir hún, að þau hjón hafi aldrei rætt opinskátt um kynlíf þeirra, en hún kveðst án þess að hafa sagt það við Geirfinn, hafa fundist kynsamband þeirra of einhliða og tilbreytingar lítið. Hafi það þá helst verið þegar Geirfinnur var undir áhrifum áfengis, að hann vildi eitthvað breyta til. Kveðst hún ekki þekkja nöfn á neinum stúlkum, er Geirfinnur hafi haft samband við, áður en þau kynntust og engum eftir það. Guðný kveðst ekki hafa nokkurn tímann orðið vör við neitt óeðlilegt í hans kynferðislega sambandi.

Varðandi kvenmanns armband, er Geirfinnur var með á handleg sér á mánudag, en ekki á þriðjudaginn, áður en hann hvarf, og ljósmynd er af þar sem Geirfinnur er á dansleik í Veitingahúsinu Lækjarteig 2 s.l., sunnudagskvöld, segir hún að Geirfinnur hafi verið á sunnudaginn að handfjatla armband þetta og hafi hann sett það á sig. Hafi hann viðhaft þau orð, að hann ætlaði bara að taka það, þar sem það jafnvel sé í stað giftingarhrings, en Geirfinnur var ekki með giftingarhring. Guðný kveðst hafa tekið eftir því að á mánudagskvöldið var Geirfinnur enn með armbandið og hafi hún þá spurt hann afhverju hann væri með þetta, og benti honum á, að hann ætti ekki að ganga með það, af því að það gæti skemmst. Hann hafi þá sagt að hann væri búinn að reyna að ná því af sér,"en kynni ekki á læsinguna", hafi hann síðan tekið armbandið af sér.

Þá kom það fram, að Guðnýju var gefinn karlmannshringur af vinkonu sinni fyrir all löngu, Geirfinnur fékk hring þennan stundum lánaðann og setti hann þá upp oft eftir að hann var búinn að smakka áfengi, og telur hún að hann hafi farið með hann þrisvar fjórum sinnum á dansleiki.

Hringur þessi er stór um sig, en fyrir lítin fingur.

Þá hafði Geirfinnur nýlega minnst á það, að Guðný keypti handa honum hálsmen og nefndi hann að það ætti að vera með grófri keðju.

Skýrslugerð lauk kl. 15.35.

Guðný Sigurðardóttir

G.S undirritar þann 12/2 76 í fyrirtöku hjá NS sjá Bók XII bls. 40

Valtýr Sigurðsson. Haukur Guðmundsson.

Föstudaginn 29. nóvember kl. 14.4o, erum við undirritaðir mættir á heimili Guðlaugar Jónasdóttur, Melteigi 6, Keflavík, f. 18.6. 1934 á Akureyri.

Mætta er afgreiðslustúlka í Hafnarbúðinni í Keflavík, þar sem hún hefur unnið síðan í október þetta ár, en áður hefur hún unnið þar um nokkurt skeið sem ræstingarkona. Mætta gefur eftirfarandi skýrslu um atburði þriðjudagskvöldsins 19. nóvember .sl. Mætta segir að umrætt kvöld hafi hún verið að vinna í Hafnarbúðinni og hafi verið lítil umferð fólks eftir kl. 21.3o í versluninni. Segist hún minnast þess, að stúlkurnar Ásta o.fl. komu inn og kveðst hún telja, að stúlkurnar hafi setið fyrst við borð nr. 5, en síðan fært sig framar í salinn, og telur hún að þær hafi þá sest við borð og geti það hafa verið borð nr. 2. Við næsta borð sátu fjórir piltar. Þá telur hún, að stúlka hafi komið einhvern smá tíma kvöldsins og sest við borð nr. 3 hjá piltunum og spjallað lítillega við þá. Þetta muni vera dóttir Óskars á Arney að hún telur. Mætta kveðst kannast við alla piltana og stúlkurnar þekki hún einnig. Við borð nr. 1, segir hún, að hafi setið sjómenn frá Stokkseyri og fóru þeir úr Hafnarbúðinni um kl. 20.45. (Þessir menn hafa þegar gefið sig fram við lögreglu). Mætta kveðst hafa setið á stól merkt A og verið að horfa á sjónvarp, þar sem lítið var að gera í afgreiðslu. Mætta kveðst minnast greinilega, er Geirfinnur Einarsson kom inn í Hafnarbúðina umrætt kvöld. Segir hún hann hafa gengið rakleiðis inn að afgreiðsluborðinu litið inn í veitingasalinn, síðan kinkaði hann kolli til mættu, þar sem honum mun vera kunnugt um hver mætta er. Mætta kveðst hafa staðið upp og afgreitt Geirfinn og telur hún að hún hafi afgreitt hann um einn pakka af Winston, en er þó ekki alveg fullviss um tegundina og telur, að hann hafi lagt á borðið hundrað krónur seðil samanbrotinn og 15 kr. ofan á. Er hún þess fullviss, að hún hafi ekki gefið honum

til baka. Mætta kveðst hafa talið líklegt, að Geirfinnur væri að huga að Sjöfn Traustadóttur starfsstúlku í Hafnarbúðinni, en hún er heimilisvinur á heimili Geirfinns. Kveðst því mætta ekkert hafa hugsað um það frekar.

Varðandi tímasetningar á þessu bili segir hún, að hún muni eftir Hauki Magnússyni, Vallargötu 19. (Hann gaf sig fram sem viðskiptarmaður umrætt kvöld litlu eftir kl. 22.oo). Kveðst mætta greinilega muna eftir því, að hafa afgreitt Hauk Magnússon um sigarrettur eða 4 pakka af Camel og eitt búnt af eldspítum. Kveðst mætta hafa tekið einn stokk úr búntinu fyrir Hauk til notkunar og límt síðan með límbandi yfir búntið. Mætta segir, að Haukur hafi dvalið þarna örstutta stund og skiptust þau lítillega á orðum. Kveðst mætta telja, að Haukur hafi sagt, að hann hafi verið að koma úr Reykjavík. Telur hún, að Haukur hafi dvalið um 3-5 mínútur, en farið síðan út. Mætta kveðst aðspurð muna hvernig Haukur Magnússon hafi verið klæddur er hann kom inn í verslunina. Segir hún, að hann hafi verið í brúnleitum jakka, teinóttum eða köflóttum. Kveðst mætta eftir þetta hafa verið að starfa innan afgreiðsluborðsins og farið inn í eldhús og síðan sest á stólinn og hafi hún setið þar örstutta stund er Geirfinnur kom. Eftir að Geirfinnur fór út úr versluninni, telur mætta að nokkrir unglingar hafi komið þangað inn og ekki verslað neitt, en sest við borð nr. 7 og 8. Telur hún, að þeir hafi verið 4 eða 5. Þá telur hún ennfremur, að um kvöldið hafi komið einn af kunningjum Geirfinns klæddur grárri munstraðri lopapeysu, mjög dökkhærður og á svipuðu reki og hafi hún afgreitt hann um eina kókflösku. Hafi hann gengið út að glugganum og sest síðan við borð nr. 1. Ekki kveðst hún geta gert sér grein fyrir á hvaða tímabili þetta var. Frá því að Geirfinnur fer út og þar til maðurinn, sem fékk að hringja, kom inn, telur mætta að hafi liðið um 10-15 mínútur. Þegar maðurinn kemur inn, kveðst hún hafa staðið við sælgætisborðið merkt B og spurði hún hann af því, hvort eitthvað sé hægt að gera fyrir hann. Svaraði hann ekki fyrst, en gekk fram að enda þilsins og til baka aftur út ganginn. Virtist mættu hann eitthvað órólegur og horfði hann ofan í sælgætisborðið. Kveðst mætta hafa tekið mann þennan fyrir annan mann, er hún þekkti og ætlað að fara að tala við hann, (sjómaður frá Stokkseyri) þá leit maður þessi upp, og sá hún þá að þetta var annar maður. Kveðst hún þá aftur hafa sagt

við manninn, "er hægt að gera eitthvað fyrir þig", en maður þessi brosti þá lítillega og sagði "ég ætla ekkert að fá", "ég ætla að doka við" eða eitthvað í þá áttina. Mætta telur fullvíst, að einhverjir menn hafi verið við afgreiðsluborð B, á meðan maðurinn var að ganga þarna um ganginn, og segir hún, að hún hafi afgreitt mann með vinnuvettlinga eða eitthvað smávegis þá, en um leið og þeir voru farnir frá borðinu kveður hún manninn hafa spurt, hvort hann mætti nota síma. Segist mætta hafa sagt "gjörðu svo vel", og vísað honum á símann. Segir mætta að hann hafi verið mjög fljótur í símanum, en hún kveðst enga eftirtekt hafa veitt því, hvort hann talaði í símann. Kveðst mætta hafa séð, að maðurinn sneri andliti að kókkössum, er staflað var hægra meginn við símann, og tók hún þá eftir belti er var á leðurjakka mannsins og var það ekki spennt. Eftir stímtalið segir mætta, að maðurinn hafi lagt pening á borðið og gengið rakleiðis út. Hafi hann ekki þakkað fyrir. Mætta kveðst lýsa manni þessum svo, að hann hafi verið, að hún telur grannan, en frekar þykkann til herðanna, um 180 cm. að hæð, með dökkskollitað hár, ljós yfirlitum, og miklar augabrúnir svolítið sambrýndur, og nefið frekar stórt. Kveðst hún hafa séð, er hann brosti tennur hans og telja að þær væru heillegar og ekki minnast neinnar sérkenna. Húð hans hafi verið heilbrigð, en andlitsfall gróflegt og hafi maðurinn verið rauður í kinnum. Segir hún, að sér hafi þótt maðurinn myndarlegur en aðallega hafi hún þó tekið eftir leðurjakka hans, segir hún að augu hafi verið frekar innarlega í höfðinu og mjög sterkur augnsvipur.

Mætta kveðst ekki hafa verið við vinnu á mánudagskvöldið 18. né miðvikudagskvöl 20. þ.m.

Skýrslugerð lauk kl. 15.5o.

Þannig gjört.

Valtýr Sigurðsson.

Haukur Guðmundsson.

Skýringar:

Borð merkt Nr. 2: Þar sátu Ásta Grétarsd. og Sigríður Georgsd. fram til u.þ.b. kl. 22:1o. (tímasetning ekki ábyggileg)

Borð merkt Nr. 1: Þar settist kunningi Geirfinns um kl. 2o:45 , en fram til þess tíma höfðu þar setið sjómenn frá Stokkseyri, frá því um kl. 19.oo.

Stóll merktur A. Þar sat Guðlaug Jónasd. afgrstúlka, er Geirfinnur kom í Hafnarbúðina, og horfði hún 'a sjónvarpið þaðan.

Borð merkt Nr. 3: Þar sátu þrír piltar, Halli, Maggi og Geiri,(m/b Hagbarði

Borð merkt Nr. 7 og 8: Þar settust 4 eða 5 ungmenni, eftir að Geirfinnur f úr Hafnarbúðinni.

Svæði merkt C: Þar sem hinn ókunni maður gekk um, áður en hann fékk afnot af síma.

Borð merkt B. Þar sem Geirfinnur var afgreiddur um vindlinga.




Uppdráttur af Hafnarbúðinni í Keflavík eins og skipan innanstokksmuna mun hafa verið háttað þar þann 19. nóv. 1974.

Gert eftir teikningu af húsinu.

Föstudaginn 29. nóvember 1974, kl. 13.oo erum við undirritaðir mættir að Háteig 4 í Keflavík. Mætt er Ásta Grétarsdóttir, Vesturgötu 15, Keflavík, f. 21.10. 1958 á Akureyri. Ásta var stödd í Hafnarbúðinni þriðjudagskvöldið 19. nóvember s.l., og hefur hún gefið lýsingu á atburðum. Ásta starfar nú í Hraðfrystihúsinu Jökli h.f. í Keflavík. Hún lauk prófi úr öðrum bekk Gagnfræðaskóla Keflavíkur vorið 1973. Mætta segir að hún hafi á þriðjudagskvöldið 19. nóv. s.l. komið inn í Hafnarbúðina ásamt vinkonu sinni Sigríði Georgsdóttur, Íshússtíg 3, Keflavík, og komið þar um kl. 20.00. Settust þær við borð merkt nr. 2, og sátu þar þangað til u.þ.b. 1o mínútum eftir að framhaldsmynd í sjónvarpinu lauk. Mætta kveðst muna eftir að við borð nr. 3, sátu þrír piltar og minnist hún þess ekki, að aðrir hafi verið inni á veitingahúsinu eða í Hafnarbúðinni umrætt kvöld. Segir hún, að lítil umferð hafi verið í Hafnarbúðinni kvöld þetta. Mætta segir, að vinkona hennar hafi verið að horfa á sjónvarpið, en sjálf hafi hún verið að leggja kapal og lítin áhuga haft á sjónvarpsmyndinni. Segir hún, að þannig hátti til í Hafnarbúðinni, að frá borðinu er hún sat við, sjái hún ekki útidyrnar, en þar sem þil skilur þar á milli, hins vegar heyrist skellur í hurðinni, ef einhver komi þar inn eða fari út. Segir hún að ef hún heyri hurðarskell bíði hún, þar til viðkomandi komi í ljós, til þess að vita,hver það er, og hvort hún þekki hann. Segir hún þetta vera ríkjandi venju. Mætta kveðst telja, að hún komi inn á Hafnarbúðina og sitji þar svo að segja flest kvöld. Mætta kveðst minnast þess, þegar að Geirfinnur Einarsson kom þangað inn þetta kvöld, en hún þekki hann ekki með nafni en kannast við í sjón. Segir hún að tengdamóðir Geirfinns hafi átt heima að Vesturgötu 12, Keflavík, beint á móti heimili mættu. Mætta kveðst ekki minnast þess, hvort Geirfinnur leit inn eftir salnum, þar sem borðin eru, er hann kom inn, en hún kveðst minnast þess greinilega, að Geirfinnur fór að afgreiðsluborðinu og fékk þar afgreiðslu. Kveðst hún ekki minnast þess hvernig Geirfinnur var klæddur

þetta kvöld. Mætta kveðst ekki geta gert sér grein fyrir því, hversu löng viðdvöl Geirfinns var í Hafnarbúðinni, en hann hafi ekki sest neitt og hún segir, að hann hafi ekki gengið inn í veitingasalinn. Mætta kveðst ekki geta sagt neitt nákvæmlega um þann tíma, er leið frá því að Geirfinnur fór úr út versluninni og þar til maður sá, er þurfti að hringja,kom þangað inn. Segir hún að all nokkru eftir að Geirfinnur fór út, hafi hún heyrt hurðarskell og litið upp og beðið þó nokkra stund og virtist maður sá, er þá kom inn vera nokkuð lengi að koma í ljós. Mætta segir, að maðurinn hafi gengið að afgreiðsluborðinu og síðan gengið að símanum og hringt. Segist hún hafa veitt athygli gulbrúnum leðurjakka með belti. Var jakkinn beinn niður, í sniði, og var hann óhnepptur og beltið lafði niður. Kveðst hún minnast þess, að hafa séð að maðurinn var með belti við buxur sínar, en ekki kveðst hún minnast litar á skyrtu eða hvort hann var með hálsbindi. Þá kveðst hún ekki vera fullviss á lit buxna mannsins. Mætta segir að maðurinn hafi verið mjög stutt í símanum, gengið síðan að afgreiðsluborðinu og telur hún að hann hafi greitt símtalið eftir að hann notaði símann. Hafi hann því næst gengið rakleiðis út úr Hafnarbúðinni. Á því augnabliki kveðst hún hafa séð framan í manninn. Mætta kveðst eiga óhægt með að lýsa andliti mannsins nú, en hún kveðst telja fullvíst að hún myndi þekkja manninn ef henni væri sýndur hann. Varðandi leirmynd, er gerð var af honum, kveðst hún helst vera ósátt við munnsvip mannsins og eins finnist henni hár af leirmyndinni einum og snyrtilegt. Mætta kveðst minnast þess að maðurinn hafi verið svolítið rauður í kinnum og hár skollitað. Virtist mættu maðurinn vera öruggur í framkomu og óhikandi.

Skýrslugerð lauk kl. 14.05
Upplesið, játað rétt.

Valtýr Sigurðsson.

Haukur Guðmundsson.

Fimmtudaginn 28. nóvember 1974, kl. 22.2o, er mættur á skrifstofunni Leif Steindal til heimilis Aðalgötu 13 í Keflavík, f. 19. október 1939 í Noregi. Mættur starfar sem verkstjóri hjá Júgóslavneskum verktökum við véladeild í Sigöld.

Mættur er talinn vera kunnugur Geirfinni Einarssyni og skýrir hann svo frá áminntur um sannsögli, mættur kveðst hafa komið hér til Íslands í vinnu árið 1964, og kveðst hann þá hafa unnið hjá Efrafalli við Hafnarframkvæmdir í Njarðvíkurhöfn. Þá hafi hann fyrst kynnst Geirfinni sem vann þar líka á sama tíma. Mættur segir að þeir Geirfinnur hafi unnið saman hjá Efrafalli við Hafnarframkvæmdirnar í Njarðvík, frá því árið 1964 til árins 1966 og þá unnið aðallega á hjólaskóflu og vörubifreið. Mættur segir að Geirfinnur hafi hafið störf í Búrfelli árið 1966 um vorið þá hjá Folskraft. Mættur kveðst sjálfur hafa farið til starfa hjá Búrfelli fyrri hluta árs 1967 þá á vegum Folskrafts. Kveðst mætti þá hafa verið samtíða Geirfinni í Búrfelli. Mættur segir að þeir Geirfinnur hafi búið í sama bragga í Búrfelli, frá því mætti kemur upp eftir um fyrri hluta árs 1967 eins og fyrr greinir, og hafi herbergi þeirra verið á sama gangi beint á móti hvoru öðru. Mætti kveðst hafa verið þarna ásamt Geirfinni allt til septembermánaðar árið 1968, en þá kveðst mætti hafa farið til Bandaríkjanna og dvalið þar í fjögur ár eða til ársins 1972, en mætti kveðst hafa komið til landsins í júnímánuði þetta ár. Hefur hann þá störf hjá Íslenskum Aðalverktökum á Keflavíkurflugvelli, en telur að þá hafi Geirfinnur verið við störf hjá Ellert Skúlasyni í Njarðvík. Á þessu tímabili frá því mætti kemur til landsins og hefur störf hjá Aðalverktökum og þar til í nóvember árið 1973, segir mætti, að þeir Geirfinnur hafi haldið kunningskap og hitst af og til. Í nóvembermánuði 1973, hefur mætti störf hjá Júgóslavneskum verktökum við Sigölduvirkjun og telur hann að Geirfinnur hafi þá dvalið við Sigöldu við störf á vegum Ellerts Skúlasonar í 3-4 vikur, mætti segir að þeir Geirfinnur hafi verið í sinn hvorum bragganum á þessu tímabili, hann segist sjálfur hafa verið í bragga nr. 24, þar til í maí í vor, en þá hafi hann flutst í bragga nr. 25, en Geirfinnur og menn Ellerts Skúlasonar hafi yfirleitt verið í bragga nr. 29. Herbergisfélagar Geirfinns munu hafa verið starfsmenn Ellerts Skúlasonar.

Talsverður samgangur segir mætti að hafi verið á milli hans og Geirfinns t.d. hafði Geirfinnur útvarpstæki í herbergi sínu og mætti kveðst oft hafa komið þar og hlýtt á útvarp, einnig segir mætti að þeir hafi hitst í matsal þar sem var sjónvarp og annað það sem menn höfðu sér til dægrastyttingar. Aðspurður sérstaklega segir mætti að komið hafi fyrir af og til að spilaður var þarna póker uppá peninga. Segir mætti að þarna hafi verið um að gera lágar fjárhæðir, það hafi verið mest í pottinum 2-300 krónur. Telur mætti, að þetta peningaspil hafi aldrei haft nein áhrif á fjárhag hlutaðëigandi, því eins og fyrr segir hafi verið hér um mjög lágar og óverulegar upphæðir að gera. Aðspurður um áfengisneyslu Geirfinns við störf í Sigöldu, eða þar efra, segir kveðst hann minnast þess að hafa tvisvar sinnum séð Geirfinn með áfengisáhrifum þá aðeins góð glaðan. Mætti kveðst ekki minnast þess að hafa sjálfur setið að drykkju með Geirfinni þar efra, og kveðst ekki muna eftir neinum sérstökum atburðum sem tengja mætti við áfengisneyslu Geirfinns. Mætti kveðst hafa fengið sér í glas, ásamt Geirfinni á heimili hans, og minnist hann þess að Geirfinnur hafi átt það til, að hverfa, þ.e.a.s. fara inn og leggja sig, án þess að láta nokkurn af því vita. Aðspurður segir, mætti að Geirfinnur hafi ekki verið í neinu sambandi við útlenda menn, þarna efra og telur að málakunnátta Geirfinns sé ekki til þess að halda uppi samræðum á ensku eða öðrum tungumálum. Mætti álítur að við neyslu áfengis hafi Geirfinnur helst orðið kátur þ.e.a.s miklu léttari í lund en hann á vanda til. Aðspurður um tengsl Geirfinns við Jón Símon Kristjánsson segir hann, að þeir hafi verið saman í herbergi við Búrfellsvirkjun í tvö ár, en það mun hafa verið frá árinu ´66- ´68, segir mætti að Jón Símon sé "túramaður", varðandi áfengisneyslu og að þessi túrar hafi verið allt upp í sex vikur að lengd. Segir mætti að þeim Geirfinn og Jóni Símoni hafi komið vel saman að því er best var séð en telur þó, að Geirfinnur hafi oft verið leiður yfir ónæði af völdum Jóns Símonar þegar hann var við drykkju. Aðspurður um tengsl Geirfinns Einarssonar við kvenfólk á þessum stöðum í Búrfelli og Sigöldu, telur mætti,það vera fráleitt að hann hefði haft nokkurn náinn tengsl við kvenfólk á þessum stöðum, og telur að GEirfinnur hafi haft frekar lítinn áhuga fyrir kvenfólki almennt.

Mætti kveðst hafa heyrt á Geirfinni litlu eftir að sumarleyfi hans lauk, að hann hefði hug á að breyta til og vinna hér heima þ.e.a.s. dvelja á heimili sínu og segir mættir þessa ályktun sína ekki vera dregin af neinu sérstöku tilefni eða neinum sérstökum orðum Geirfinns í þá átt. Mætti segir að síðast þegar Geirfinnur var við verk í Sigöldu hafi hann starfað þar með Eyjólfi Ágústssyni en þá hafi vélin sem þeir unnu á verið á vöktum og mikið var að gera þarna, þannig að menn ýmist unnu eða sváfu. Segir mætti að á þessu tímabili hafi hann aldrei vitað til þess að Geirfinnur neytti áfengis. Aðspurður sérstaklega kveðst mætti ekki nefnt neinn aðila sem Geirfinnur var í neinu sérstöku sambandi eða tengslum við þarna efra fyrir utan eins og framan greinir, nefndan Eyjólf sem vann á vélinni á móti honum. Aðspurður sérstaklega kveðst mætti ekki hafa verið trúnaðarvinur Geirfinns og telur hann að hann hafi engann átt slíkan.. Mætti telur að Geirfinnur alls staðar verið vel látinn við vinnu og hafi verið í alla staði áreiðanlegur og heiðarlegur maður. Aðspurður telur mætti sig ekkert geta upplýst sem varpað gæti ljósi á hið skyndilega hvarf Geirfinns 19. þ.m. og telur að Geirfinnur hafi engann öfundar- eða óvildarmann átt. Annað frekar kvaðst mætti ekki geta upplýst í máli þessu.

Skýrslugerð lokið kl. 23.2o.
Upplesið. STaðfest.
Leif Steindal.
Skýrsluna tók Haukur Guðmundsson

Hér er mættur til skýrslugerðar Jón Símon Kristjánsson til heimilis Laugarnesvegi 48, Reykjavík, þungavinnuvélstjóri, að atvinnu og vinnur hjá Júgóslavneskum verktökum í Sigöldu. Mættur er kunnugur Geirfinni Einarssyni og er hvarf Geirfinns tilefni þessarar skýrslutöku. Mættur á bifreiðina Í-2044, sem er Cortina árgerð 1970 brún að lit. Mættur segir að þeir Geirfinnur hafi fyrst kynnst í Búrfelli árið 1966, en þá unnu þeir hjá Fosskraft við mannvirkjagerð. Segir mætti að þeir Geirfinnur hafi unnið þarna saman í þrjú ár eða allt til ársins 1969, en þá kveðst mætti hafa farið að vinna á Akranesi. Mættur segir að þeir Geirfinnur hafi verið saman í herbergi 2 allan þennan tíma meðan þeir unnu í Búrfelli. Mætti er þá spurður um framkomu Geirfinns þá, þ.e.a.s. á þessum árum og nú síðast þegar hann þekkti hann. Hann segir, að Geirfinnur hafi verið sínu áliti, þunglyndari nú í seinni tíð heldur en á þessum árum sem fyrr eru nefnd. Varðandi áfengisneyslu Geirfinns, segir mætti, að hann hafi aldrei verið mikill vínmaður, og áfengisneysla hans sé svipuð nú og áður. Mættur segir að Geirfinnur hafi aldrei verið margmáll um sín persónuleg málefni og helst aldrei um þau talað. Mætti kveðst hafa haft samband við Geirfinn frá árinu 1969 þannig, að hann hafi heimsótt hann af og til þá þegar Geirfinnur bjó að Vallargötu 24 í Keflavík. Mætti kveðst tvisvar eða þrisvar hafa heimsótt Geirfinn á heimili hans að Brekkubraut 15 í Keflavík í tvö fyrri skiptin telur mætti að hann hafi verið ölvaður og man hann ekki hverjir voru með honum þá, en í síðasta skiptið kveðst hann hafa verið allsgáður og segir að kunningi sinn Jón Þór sem er loftskeytamaður að atvinnu, hafi þá verið með honum. Segir mætti að þetta hafi verið í ágústmánuði nú í sumar. Segir mætti, að þeir hafi haft þarna viðdvöl í u.þ.b. klukkustund og samræður hafi verið um almenn málefni, og m.a.þ. að mætti lagði að Geirfinni að koma aftur til vinnu uppi í Sigöldu. Mætti segir að Geirfinnur hafi takmarkaðan áhuga fyrir þessari málaleitun og engu sinnt henni. Mætti kveðst hafa hafið störf í Sigöldu í mars á þessu ári og þá hafi Geirfinnur verið þar fyrir. Segir mætti að samkomulag hans við Geirfinn hafi alla tíð verið mjög gott og þeir hafi haldið áfram kynnum í Sigöldu

þá þannig að þeir hafi rabbað saman um liðna tíma og fleira í þeim dúr. Aðspurður segir mætti að þeir Geirfinnur hafi ekkert drukkið saman í sumar. Mætti telur, að Geirfinnur hafi ekkert drukkið upp frá í sumar. Varðandi kynni Geirfinns á kvenfólki þar efra eða annars staðar kveðst mætti ekki vita um neina konu sem hann hefur haft tengsl við. Varðandi veru bifreiðar Jóns í Keflavík, vill hann segja það, að hann hafi beðið Laufeyju Steingrímsdóttur um að geyma fyrir sig bifreiðina. Segir mætti að bifreiðin hafi verið í Keflavík í u.þ.b. einn mánuð. Mætti segir hafi verið ölvaður í u.þ.b. 4 vikur á þessu tímabili og hafi frændi hans Jón Grímsson sótt bifreiðina til Keflavíkur þriðjudaginn 19. þ.m. og telur hann að það hafi verið seinni hluta þriðjudagsins. Segir mætti, að þeir hann ásamt Jóni Grímssyni hafi farið áleiðis að Sigöldu, seinni hluta miðvikudags, en þeir mundu þá hafa verið að fara til vinnu, og þá á bifreið mætta. Mætti segir að sér hafi fyrst verið kunnugt um hvarf Geirfinns þegar hann heyrði það í útvarpinu á fimmtudag. Mætti telur að áhugamál Geirfinns hafi verið atvinna hans og/að spila bridge við félaga. Aðspurður um fjárhættuspil í Búrfelli og eða Sigöldu segir mætti að það sé fásinna að telja að Geirfinnur hafi verið í peningavandræðum vegna þessa, því þá sjaldan sem hann tók þátt í þannig spili, hafi aðeins verið spilað upp á lágar fjárhæðir, sem óhugsandi er að hafi haft áhrif á fjárhag manna. Mættur er fæddur 31.12. 1936 á Ísafirði. Mætti er stúdent frá Laugarvatni árið 1958.

Þannig gjört.

____________________________

Haukur Guðmundsson.

Hér er mættur til fyrirtöku Jón Grímsson til heimilis Engjaveg 30 Ísafirði. Vinnur í Sigöldu, býr í rússakant 6 eða b í Sigöldu. Dvalarstaður þegar hann er í Reykjavík, er á Sogavegi 158. Jón er fæddur 21.9. 1954 á Ísafirði. Mættur kveðst hafa farið til Keflavíkur um kl. 20.00 á þriðjudagskvöld í þeim erindum að sækja bifreið Jóns Símonar sem fyrr greinir. Segir mætti að hann hafi farið með leigubifreið frá Reykjavík til Keflavíkur. Kveðst hann fyrst farið á Aðalstöðina í Keflavík, fengið þar að hringja, en síðan gengið upp á Ásgarð 1o, þar sem bifreiðin var geymd. Mætti kveðst hafa verið klæddur í brúnan

leðurjakka og brúnum buxum í smákóflóttri skyrtu. Mætti sýnir nú leðurjakkan og er hann dökkbrúnn að lit. Mætti gengur með gleraugu og kveðst hann hafa verið með þau í Keflavík á þriðjudaginn 19. Mætti kveðst hafa haft litla viðdvöl í Keflavík og telur að hann hafi verið kominn um kl. 21.00 til Reykjavíkur. Kveðst hann þá hafa farið rakleiðis að Sogavegi 158 . Aðspurður kveðst mætti ekki þekkja Geirfinn Einarsson og kveðst hann aldrei hafa séð hann.

Þannig gjört.

Haukur Guðmundsosn.

Mánudaginn 1. desember 1974 kl. 13.45, er mættur á skrifstofunni Sigurbjörn Ingólfsson, lögheimili Aðalgata 22 í Suðureyri, f. 4.12. 1945 í Árnessýslu. Núverandi dvalarstaður hans Holtsgata 30 í Njarðvík. Útlit mætta svarar nokkuð til lýsingar á manni þeim sem leitað er að og sást í Hafnarbúðinni þriðjudaginn 19. þ.m. Mættur kveðst hafa verið skipverji á m.s. Fjallfoss frá því 2. september s.l., en hafi verið þar bátsmaður. Mættur kveðst nú vera hættur sem skipsmaður á Fjallfossi en hann kveðst hafa misst af skipinu ferðinni á undan þeirri sem lagt var upp í á laugardag 30. nóvember. Mættur kveðst hafa verið á Tungufoss í sumar og hann hafi þar einnig verið bátsmaður. Aðspurður kveðst mættur hafa starfað hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur á togurum árið 1962 til 1970. 1970 kveðst hann hafa flutst á Suðureyri við Súgandafjörð og búið þar til ársins 1971, og verið þá bátunum þaðan. Mættur kveðst hafa verið giftur Sigríði Sigurðardóttur sem nú býr að Bjargi í Grindavík. Segir að þau hafi skilið að lögum 26. júní 1973. Mættur kveðst hafa verið þriðjudagskvöldið 19. þ.m. horft á landsleik milli Íslands og Þýskalands, ásamt bróður sínum Garðari sem býr að Hátúni 6 í Reykjavík. Kveðst hann hafa komið suður með áætlunarbíl frá S.B.K. sem fór kl. 24.oo frá Reykjavík, og kveðst hann þá hafa farið að Holtsgötu 3o þar sem hann býr nú. Aðspurður kveðst mætti ekki hafa þekkt Geirfinn Einarsson og kveðst ekki minnast þess, að vita hver það er, fyrr en eftir

að lýst var eftir honum. Mættur kveðst ekkert geta upplýst í máli þessu. Aðspurður kveðst mætti ekki eiga bifreið og kveðst hann ekki hafa ökupróf.

Þannig gjört.

Haukur Guðmundsson.

Kl. 2o.5o mætti lögreglan í Keflavík Magnús Þór Einarsson til heimilis Grænutungu 1 í Kópavogi, fæddur 9.4. 1942 í Reykjavík. Mætti er leigubifreiðarstjóri að atvinnu og ekur frá bifreiðastöðinni Steindóri í Reykjavík, bifreiðinni R-1401. Mætti var talin líkjast lýsingu á manni þeim sem lýst er eftir í sambandi við hvarf Geirfinns Einarssonar. Mætti gerir þannig grein fyrir kvöldinu 19. f.m. kveðst hafa verið að aka hjá Steinþóri fram til kl. 19.oo-19.3o og kveðst þá hafa farið um kvöldið í Óðal borða þar kvöldverð og kveðst síðan hafa farið heim, kveðst hafa komið heim á milli kl. 22.00-23.00 var þá einsamall. Mætti kveðst vera nú til húsa að Einarsnesi 76 í Reykjavík sími þar 17421. Mætti kveðst hafa unnið í Sigöldu frá því í sumar til mánaðarmóta október-nóvember, en þá hóf hann akstur hjá Steindóri. Mætti kveðst hafa starfað í Sigöldu sem bifreiðastjóri, hjá Júgóslavneskum verktökum þar efra. Mætti kveðst hafa þekkt starfsmenn Ellerts Skúlasonar sem unnu þar efra, en kveðst ekki þekkja Geirfinn, en segir að Geirfinnur hafi ekki starfað þar efra á þessu tímabili svo honum sé kunnugt um, Aðspurður sérstaklega, kveðst mættur ekkert vita um hvarf Geirfinss. Í sumar kveðst mætti hafa verið á handfæraveiðum á Glað BA-16, sem hann kveðst eiga í félagi við Bjarna Birgi Pétursson, Einarsnesi 76 í Reykjavík. Myndir af Magnúsi eru nr. 3,4,5 og 6.

Þannig gjört.

Haukur Guðmundsson.

Þriðjudaginn 26. nóvember 1974 kl. 21.00 er mættur til skýrslugerðar á heimili sínu Gunnar Svanur Hafdal, fæddur 9. 4. 1954. Starfsmaður í Sæbjörg, Reykjavík, til heimilis Kleppsvegi 68 í Reykjavík, sími 82029. Mætti kveðst hafa kynnst Geirfinni einu

sinni og konu hans árið 1969, þegar hann dvaldi í Keflavík Kveðst hann hafa verið talsvert mikið inn á heimili þeirra í tvö ár en það hafi verið á Vallargötu 24 í Keflavík.. Kunningskapurinn minnkaði þ.e.a.s. samgangur sennilega 1971, Hefur hann aldrei heimsótt þau að Brekkubraut en hefur hitt þau einu sinni eða tvisvar. Aðspurður kveðst mætti hafa hitt Geirfinn í Klúbbnum sunnudaginn 17. þ.m. um kl. 23.3o, þá var Geirfinnur á efstu hæð hússins lítið sem ekkert ölvaður (mætti kveðst enginn áfengisáhrif hafa séð á honum) mætti kveðst lítið hafa talað við Geirfinn þarna ca. 5 mínútur. Mætti kveðst hafa spurt hann með hverjum hann væri, svarað hann því til einfaldlega þannig, "ég er með kunningjum mínum", mætti kveðst hafa spurt með hverjum, en þá hafi Geirfinnur svarað "skiptir ekki máli", þannig tilsvar þótti mætta undarlegt, en hugsaði ekkert frekar um það. MÆtti kveðst hafa spurt hann síðan venjulegra frétta um vinnu hans og heimili. Virtist mætta gott hljóð í Geirfinni um það allt. Mætti kveðst hafa yfirgefið Geirfinn fljótlega eins og fyrr segir, og kveðst ekki hafa séð hann aftur aðeins einu sinni á dansgólfinu, en hann kveðst ekki hafa talað frekar við hann. EFtir á að hyggja virtist mætta Geirfinnur vera kaldari í viðmóti heldur en hann átti vanda til hér áður. Þó ber þess að geta að langt er um liðið síðan mætti hafði hitt Geirfinn. og telur að það sé e.t.v. eitt ár síðan.

Þannig gjört.

______________________

Haukur Guðmundsson.

Þriðjudaginn 2. desember kl. 11.45, staddur á heimili Guðnýjar, Brekkubraut 15, hún er nú spurð um kunningskap við Jóa á Akureyri og skýrir hún svo frá: Mætta segir að Jói þessi, sé yfirleitt nefndur Jói málari, og sé hann kunningi Birgis Kristjánssonar bróður hennar. Kveðst hún hafa kynnst honum á heimili Birgis fyrir 3-4 árum síðan. Mætta kveðst einu sinni hafa lent í samkvæmi ásamt nefndum Jóa á Akureyri fyrir u.þ.b. tveimur árum síðan þá á heimili Guðlaugar, Laugu, og manni hennar sem kallaður er Guddi, þessi hjón eru nú skilin og býr stúlkan nú í Reykjavík.

(16)

3050




Brekkubraut 15 Keflavík.
Afstöðumynd af vettvangi, þegar símhringing barst þar heim um kl.22,3o 19. nóv. 1974.

S K Ý R I N G A R:

A: Síminn, þar sem Geirfinnur talaði
B. Rúmið þar sem Guðný var.
C. Hurð að svefnherb, sem stóð opin

Skrá yfir skýrslugefendur í máli Geirfinns Einarssonar.

Sigurður Smári Einarsson, f. 19-9- 46 í Vopnafirði, býr að Linnetsstíg 6, Hafnarfirði, sími: 52978, vinnus: 52144. Er samtíða Geirfinni til fjögurra ára aldurs á Dalalandi, en flytzt þá að Ytri- Galtarstöðum í Hróarstungu, en Geirf. fer að Straumi. Sér Geirf. af og til. Missir sjónar á Geirf. 13. ára að aldri, en 15. ára fer hann til Keflav. ásamt Geirf. og er samtíða honum unz Geirf. kvænist Guðnýju. Heimsækir þau hjónin af og til.

Pétur Jónsson, Egilsstöðum II, f. 23-10- 04 á Egilsstöðum, sími: 1266. Var bóndi og póstur, er Geirf. kom til hans haustið´´60.

Elín O Stephensen, eiginkona Péturs. Geirf. er hjá þeim hjónum allan veturinn og fram á vor. Er af og til í vinnu hjá þeim í tvö ár og býr hjá þeim þann tíma, en stundar vinnu við ýmislegt, m.a. selveiðar, byggingarvinnu og fl. Árið 1963 kemur Geirf. til þeirra hjóna síðast. Er við heyskap hjá þeim í tvær vikur, en fer svo með þeim í ferðalag norður- og vesturfyrir. Hittir föður sinn í Vopnafirði í þeirri ferð. Fengu jólakort frá Geirf. í fyrstu, eftir að hann flutti suður, einnig munnlegar kveðjur.

Þórarinn Jonsson, bóndi að Straumi, f. 14-10- 15 í N- Múlasýslu. Alinn upp hjá Tómasi Wensberg og Guðfinnu Björnsdóttur að Straumi. Þau eru bæði dáin. Þórarinn hefur sjálfur búskap þarna 1950.

Guðfinna Steindórsdóttir, kona hans, f. 24-12- 18. Geirf. kemur vorið 1952 til þeirra hjóna 9 ára gamall og er alinn upp hjá þeim frá þeim tíma. Móðir Geirf. lézt þá um haustið 1952. Geirf. fer frá Straumi 16 ára og fer að vinna í byggingarvinnu á Egilsstöðum, en er eina vertíð í Vestmannaeyjum. Fóstra móður Geirf., er flutti hann að Straumi, settist að á Galtarstöðum. Fór hún með þá bræður í heimsókn til föður þeirra af og til fyrstu árin eftir flutning þeirra frá Dalalandi. Geirf. hefur ekkert samband við fólkið að Straumi, eftir að hann flytzt til Keflavíkur, hvorki munnlega né bréflega og biður ekki fyrir kveðjur. Þórarinn og Guðfinna hafa aldrei séð eiginkonu hans. Þau segja alla á bænum hafa líkað jafn vel við Geirfinn. Hann ferðaðist lítið, mest innansveitar og ekki oft. Lét aldrei í ljósi neinn áhuga til utanlandsfarar eða neina sérstaka breytingu á högum sínum.

Ásmundur Þórarinsson, Vífilsstöðum, f. 19-5- 42 þar á bæ. Hann kynnist Geirf. fljótlega eftir að hann flytzt að Straumi, er leik- og skólabróðir hans og þeir fermdust saman. Þeir unnu saman í síldarverkun á Norðfirði 1958 og 1959. Er samtíða Geirf. þar til sá síðarn. flytzt suður. Bróðir Ásmunds, Jón, var einnig leikfélagi Geirfinns, en þeir voru minna saman.

Friðrik Sigurjónsson, Skóhlíð, Hróarstungu, f. 17-8- 19 á Norðfirði, flokksstjóri hjá Pósti & Síma. Geirfinnur var í vinnuflokki hjá honum sumarið 1964 á Seyðisfirði við skurðgröft og símakapallagnir. Þeir hafa aðsetur í herbergi þar, en fara stundum um helgar til Egilsstaða. Geirfinnur fer þangað af og til.

Guðmundur Þorleifsson, Hamrahlíð 6, Egilsstöðum, sími: 1250, f. 5-4- 32 í Neskaupsstað. Hann er yfirverkstjóri hjá Pósti & Síma frá ´56, en hefir unnið þar frá ´49. Segir mest unglinga hafa unnið þarna ´64, er Geirf. vann þar. Engir vandræðamenn eru að jafnaði í vinnuflokkunum, þar sem verkst. sjálfur sér um ráðningu mannskaps. Óæskilegir menn, séu þeir ráðnir af misgáningi, hafa verið reknir umsvifalaust að sögn Guðmundar. Gefur þær uppl. að maður, líkur leirstyttunni umræddu, hafi sézt á Neskaupsstað nú í sept. sl., þá er milli- eða strandferðaskip lá þar í höfn.
Elíeser Helgason, starfsm. P & S sá mann þennan. Frekari uppl. væntanlegar frá Guðmundi varðandi þetta. Hann segir Geirfinn hafa verið sterkan og snöggan og telur hann hafa haft í fullu tré í átökum við hvern venjulegan mann, ef á hann hefði verið ráðizt.

Samantekin lýsing á uppvexti Geirfinns Einarssonar og skapgerð hans, áhugamálum og vinnu. Skráð eftir framangreindu fólki.

Geirfinnur flytzt að Straumi vorið 1952, þá 9 ára. Móðir hans lézt þá um haustið og lát hennar talið mikið áfall fyrir hann. Hann er sagður frekar kjarklítill og mikið mömmubarn, dulur, hlýðinn og jafnlyndur, góður við skepnur en áhugalítill um þær. Sérlega barngóður alla tíð og þolinmóður. Gengur að öllum verkum jafnt og er vinnugefinn og samvizkusamur. Greindur í bezta lagi og gengur vel í skóla. Bókhneigður með afbrigðum og les óvenjumikið. Sökkvir sér niður í skáldsögur, en les þó að jafnaði annað efni einnig. Leikur sér við drengina á næsta bæ og er bezti vinur hans Ásmundur á Vífilsstöðum, en trúnaðarvin á hann engan. Fer í heimsókn til föður síns og bróður af og til.

(frah)

Hann er þó ekki alls kostar ánægður þarna á bænum og fer að vinna í byggingarvinnu 16. ára, án þess að strjúka að heiman þó.

Breyttist lítið á kynþroskaskeiði. Sýnir stúlkum áhuga á eðlilegan máta, en virðist ekki hrifinn af neinni sérstakri.

Fer til Péturs á Egilsstöðum 18 ára. Tekur þar bílpróf og gengur það vel. Vinnur alla vinnu á bænum, hirðir kýr í fjósi, vinnur við heyskap og ekur pósti út um sveitir. Fær bíl oft lánaðan hjá Pétri og verður aldrei á nein vanskil eða brot á tímamörkum varðandi bílinn, er Pétur setti hverju sinni. Afar vel látinn af Pétri og konu hans. Geirfinnur fer oft á böll og mannamót. Drakk nokkuð, en aldrei til skaða. Les enn mikið og hefir áhuga á mótorfræði. Er mjög þrifinn og skiptir um föt og snyrtir sig ávallt að lokinni vinnu. Geirfinnur hafði verið í vinnu við síldarverkun á Norðfirði ´58 og ´59 ásamt Ásmundi vini sínum. Einar vertíð hafði hann verið í Vestmannaeyjum eftir 16. ára aldur. Frá Pétri hafði hann einnig unnið við selveiðar og í byggingarvinnu á Egilsstöðum. Í sláturhúsi á Fossvöllum var hann við vinnu um skeið. Líklega um 1962, koma bræðurnir Geirfinnur og Sigurður Smári til Keflavíkur og fara að vinna í Keflavík h/f. Búa þar í verbúð saman ásamt fleirum. Geirfinnur er um sumur fyrir austan og vinnur þar. Hjá Pósti og síma er hann sumarið ´64 á Seyðisfirði. P & S hafði hótelherbergi þar og Geirf. er þar stundum um helgar, en stundum fer hann til Egilsstaða. Eina vertíð er Geirf. á togara um þetta leyti ásamt Birni Halldórssyni og tvíburabróður Björns.

Eftir þennan tíma mun Geirfinnur hafa kynnzt konuefni sínu, kvænst og farið að búa í Keflavík.

Skýrslugefendur voru spurðir allir um öll þau hugsanleg atvik, slys, viðburði eða uppákomur, þar sem viðbrögð Geirfinns hefðu verið óvenjuleg eða jafnvel einkennileg. Fékkst sama svarið alls staðar, að enginn mundi eftir neinu slíku.

Kom ekkert fram er benti til þess að neinir þættir í hvarfi hans umrætt sinn, lægju til uppvaxtarstöðva hans á neinn hátt.

Frumgögnin af viðræðum undirritaðs við framangreint fólk, eru vandlega geymt, ef þyrti á þeim að halda síðar. Nokkur nöfn á mönnum, er Geirf. vann með á tímabilinu ´60 - ´64, eru einnig til staðar, ef ástæða þætti til frekari könnunar í máli þessu.

Viðræður við skýrslugefendur fóru allar fram 2- 12 og 3- 12 1974.

Virðingarfyllst:

Ingvi Br. Jakobsson
[illegible]

**VEÐURSTOFA ÍSLANDS** 3092

# VOTTORÐ UM VEÐUR

á Keflavíkurflugvelli 18.11.1974.- 20.11.1974.

| DAGS. | TÍMI | VINDÁTT OG VEÐURHÆÐ | Mest veðurhæð milli athugana | VEÐUR | SKYGGNI KM. | HITI C° | ~~SJÓLAG~~ Jarðlag. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 18. | 18 | SSA 3 | 3 | Skúrir á síðustu 6 klst. | 24 | 0,9 | Glerungur eða svell á jörðu en enginn snjór. |
| 18. | 21 | SA 3 | 4 | Skúrir á síðustu 3 klst. | 30 | 1,2 | |
| 18. | 24 | ASA 3 | 4 | Skýjað | 30 | 2,4 | |
| | 03 | SA 4 | 4 | Léttskýjað | 30 | 2,0 | |
| | 06 | ASA 3 | 4 | Skúrir á síðustu 6 klst. | 30 | 3,0 | |
| - | 09 | SA 3 | 4 | Skýjað | 30 | 2,8 | Glerungur eða svell á jörð, en enginn snjór. |
| 19. | 12 | SA 2 | 3 | Skýjað | 24 | 3,8 | |
| 19. | 15 | SSA 5 | 5 | Skýjað | 24 | 4,3 | |
| 19. | 18 | SA 5 | 5 | Skýjað | 30 | 5,3 | Jörð alauð, en frosin og þurr. |
| 19. | 21 | S 6 | 6 | Úði og regn | 11 | 6,0 | |
| 19. | 24 | SV 5 | 5 | Úði á síðustu klst. | 16 | 4,8 | |
| 20. | 03 | VSV 4 | 5 | Úði á síðustu 3 klst. | 24 | 3,9 | |
| 20. | 06 | VSV 2 | 4 | Skýjað | 24 | 3,1 | |
| | 09 | SV 2 | 3 | Skýjað | 30 | 2,8 | Jörð alauð, en frosin og þurr. |
| 20. | 12 | S 2 | 2 | Léttskýjað | 30 | 2,8 | |
| 20. | 15 | SSA 2 | 2 | Léttskýjað | meira en 70 | 2,7 | |
| 20. | 18 | SSA 2 | 3 | Léttskýjað | 30 | 1,4 | Jörð alauð, en frosin og þurr. |

Lögreglan í Keflavík
c/o Haukur Guðmundsson.

Sigmundur Sigtryggsson

Adda Bára Sigfúsdóttir

3093

# Skattframtal árið 1973

Framtal skal hafa borizt skattstofu eða umboðsmanni fyrir 1. febrúar. Atvinnurekendur þurfa þó ekki að skila fyrr en fyrir 1. marz. Viðurlög ... á hreinar tekjur og eign fyrir hvern dag, sem skil framtals dragast fram yfir lögboðinn eða umsaminn frest, þó að hámarki ...

Geirfinnur Einarsson (22)

Vallargerði Brekkubraut 15

FÆÐINGARDAGUR: D. MÁN. ÁR — STAÐA — NAFNNÚMER

SVEITARFÉLAG

Guðný Sigurðardóttir

NAFN EIGINKONU — FD. MÁN. ÁR

## I. Eignir 31. des. 1972.

1. Hrein eign samkv. meðfylgjandi efnahagsreikningi ........ kr.
2. Bústofn skv. landbúnaðarskýrslu
3. Fasteignir (Nota ber fasteignamat × ...)

Brekkubraut 15, A.V. f.m. 711.275.00

4. ...
5. Bifreið Ö-1577 Smíðaár 5m. VW Árgerð '59 40.000.00
6. Inneignir (sparifé), ... ...
7. Inneignir (sjá bls. 3 A) ..........
8. ...
9. Verðbréf, útistandandi skuldir og stofnsjóðsinneign o. fl. (sjá bls. 3 B) .......... 170.000.00
10. Eignir barna (sjá bls. 4 E) ........
11. Aðrar eignir. Hverjar?

Eignir alls kr. ..........

II. Skuldir alls (sjá bls. 3 C) .. kr. 1.200.000.00

Börn heima hjá framteljanda, fædd árið 1957 eða síðar:

Nöfn barna — Fd. og ár

2 börn

Fengið meðlag með börnum yngri en 16 ára, þar með talinn barnalífeyrir úr almannatryggingum ef annað hvort foreldra er látið eða barn er óskilgetið ...... kr.

(Um eignir og tekjur barnanna, sjá bls. 4 E—F).

Börn, sem framteljandi greiðir meðlag með, eða aðrir vandamenn. Nöfn þeirra, aldur og heimili. Hvernig venzlaðir framteljanda? Hve mikið greitt og hverjum?

Óskið þér slysatryggingar fyrir yður eða maka yðar við heimilisstörf? Sé svo, þá ritið hér nafn (eða nöfn) þess (þeirra), sem tryggja skal:

ÚTFYLLIST AF SKATTSTJÓRA

Fjölskylda — Aldur — ... — Stéttarfél.

Aths. og útreikningar til útsvarsálagningar.

Breytingar á tekjum til útsvars — Hækkun / Lækkun

Aths. og útreikningar skattstjóra.

3045-14

| III. Tekjur árið 1972 | |
|---|---|
| | 14.225.00 |
| [illegible] h.f. | 666.587.00 |
| | 19.000.00 |
| Tekjur alls kr. | 699.812.00 |

| IV. Frádráttur | | |
|---|---|---|
| 1. a. | | |
| b. | | 7.192.00 |
| | | 17.781.00 |
| 2. | | ~~[illegible]~~ 33.839.00 |
| | Líf.verkal.fél. | 8.881.00 |
| | V.S.F.Í. | 1.500.00 |
| Frádráttur alls kr. | | 69.193.00 |

Greidd heimilisaðstoð

Álagt útsvar | 62.500.00

Greidd húsaleiga fyrir mán. Alls kr.

Hverjum?

Fjöldi herb. og eldhús

3093. B



... inneignir í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum og verðbréf sem gera ... skattfrjáls ... sérstökum lögum (sjá nánar hér neðan) ...

| Nafn ... | Bókað eða skattmat | ... | Vaxtatekjur kr. |
|---|---|---|---|
| | | | |

Samtals kr.

Þar af skattfrjálst

... innstæðum inneignir í ...

| ... | | |
|---|---|---|
| Handhafaskuldabréf v/Vallarg. 24, Keflav. | 170.000.00 | Ekki gr.vexti |

Alls kr.

... fasteignaeigenda.

| ... | | | Vaxtagjöld kr. |
|---|---|---|---|
| Sparisjóður Keflavíkur | 40.000.00 | x | 633.50 |
| Handhafaskuldabréf | 100.000.00 | x | 3.268.00 |
| Handhafaskuldabréf | 660.000.00 | x | Ekki gr.vexti |
| Handhafavíxlar v/Brekkubr. 15, Kv. | 400.000.00 | | Vaxtalaustir |
| Ógreidd skattar og útsvör ........................................ | | | |
| Önnur vaxtagjöld. Hver? v/ Vallarg. 2[illegible], Kv. | | | 18.019.00 |
| Skuldir alls og vaxtagjöld alls kr. | 1.200.000.00 | | 33.839.50 |
| Frá dregast vaxtagjöld færð á rekstraryfirlit skv. tekjuliðum 1 og 2 ............ kr. | | | |
| Vaxtagjöld, mismunur kr. | | | |

3093 . G

D. Ef þér hafið byggt, keypt eða selt fasteign eða hluta af fasteign á árinu, þá gerið nákvæma grein fyrir því (kostnaðar- eða kaupverð, söluverð, kaupandi, seljandi, dagsetning kaupsamnings, afsalsdagur o. fl., ef máli skiptir. Um nýbyggingu, sem framteljandi hefur byggt fyrir eigin reikning, skal tekið fram, hvaða dag íbúðarhúsnæði varð íbúðarhæft eða hvaða dag atvinnurekstrarhúsnæði var tekið í notkun). Tilsvarandi upplýsingar skal gefa um kaup eða sölu bifreiða, skipa, véla, verðbréfa og hvers konar annarra verðmætra réttinda.

Seldi 15. des. 1972 kjallaraíbúð að Vallarg. 24, Keflavík, Hreggviði Bergmann Sigvaldasyni og Jónínu Sjöfn Jóhannsdóttir, Hlíðarvegi 15, Ytri-Njarðvík, á kr. 750.000.00.

Keypti sama daga neðri hæð hússins, Brekkubraut 15, Keflavík, af Jóhanni Jóhannssyni, s.st. á kr. 1.600.000.00.

Sölulaun. Hverjum greidd? Fasteignasalan Hafnarg. 27, Kv. kr. 10.000.00

Greidd stimpilgjöld og þinglesning —

Afföll af seldum verðbréfum. Hverjum greidd? —

| E. Eignir barna yngri en 16 ára | Tegund eignar | Upphæð kr. | Vextir/arður |
|---|---|---|---|
| Nöfn barna | | | |
| Athuga: Eignir barna skulu taldar með eignum foreldra, þó er skattstjóra heimilt að skattleggja þær sér, ef tilmæli koma fram um það (t. d. í G-lið). | Samtals kr. | | |

| F. Tekjur barna yngri en 16 ára | Nafn vinnuveitanda | Tekjur kr. |
|---|---|---|
| Nöfn barna | | |
| Athuga: Tekjur barna skulu taldar með tekjum foreldra. Ef hreinar tekjur barns koma meira en hálfum persónufrádrætti barns, er skattstjóra þó heimilt að skattleggja þær sér, ef tilmæli koma fram um það (t. d. í G-lið). | Samtals kr. | |

G. Athugasemdir framteljanda.

Það vottast hér með, að viðlögðum drengskap, að skýrsla þessi er gefin eftir beztu vitund.

Brekkubraut 15 — 3 2 — 1973.
Heimili (gata nr.)

Undirskrift eiginkonu.

f.h. Geirfinns Einarssonar,

Undirskrift eiginmanns eða einhleypings.

Sími

1272 - 1.5.0004 - 105.000

PRENTSMIÐJAN ODDI HF.

3034

# Skattframtal árið 1972

Framtal skal hafa borizt skattayfirvöldum fyrir 1. febrúar. Atvinnurekendur þurfa þó ekki að skila fyrr en fyrir 1. marz. Viðurlög: 1% á hreinar tekjur og eign fyrir hvern dag, sem skil framtals dragast fram yfir lögboðinn eða umsaminn frest, þó að hámarki 15%–25%.

(22)

Guðfinnur Einarsson 07-09-42
NAFN FRAMTELJANDA — FD. MÁN. ÁR — STAÐA — NAFNNÚMER

Vallarg. 24 — Keflavík
HEIMILISFANG — SVEITARFÉLAG

Athuga: Snúið yður til Hagstofunnar, ef þér þurfið að fá leiðrétt nafn, fæðingardag eða annað í þjóðskránni.

Guðný Sigurðard. 13-12-48
NAFN EIGINKONU — FD. MÁN. ÁR

## I. Eignir 31. des. 1971.

1. Hrein eign samkv. meðfylgjandi efnahagsreikningi .................... kr. ..........
2. Bústofn skv. meðf. landbúnaðarskýrslu
   Eignir skv. meðf. sjávarútvegsskýrslu .. — ..........
3. Fasteignir. Hverjar? — ..........
   Vallarg. 24, Kv. 20%
4. Vélar, verkfæri og áhöld .......... — ..........
5. Bifreið nr. Ö-1577
   Stærð 5m. Tegund VW. Smíðaár 1959
   40.000.00
   Fólksb. ☐ Jeppi ☐ Sendib. ☐ Vörub. ☐
   Merkið með X í viðkomandi reit.
6. Peningar (innlendir) ............ — ..........
   — (erlendir) ............ — ..........
7. Inneignir (sjá bls. 3 A) .......... — ..........
8. Hlutabréf. Hvaða? — ..........
9. Verðbréf, útlán, stofnsjóðsinnstæður o. fl. (sjá bls. 3 B) .......... — ..........
10. Eignir barna (sjá bls. 4 E) ........ — ..........
11. Aðrar eignir. Hverjar? — ..........

**Eignir alls kr.** — ..........

**II. Skuldir alls (sjá bls. 3 C) .. kr.** 212.500.00

Börn heima hjá framteljanda, fædd árið 1956 eða síðar:

Nöfn barna — Fd. og ár

2 börn

Fengið meðlag með börnum yngri en 16 ára, þar með talinn barnalífeyrir úr alm.tryggingum, ef annað hvort foreldra er látið .................... kr. ..........

(Um eignir og tekjur barnanna, sjá bls. 4 E—F).

Börn, sem framteljandi greiðir meðlag með, eða aðrir vandamenn. Nöfn þeirra, aldur og heimili. Hvernig venzlaðir framteljanda? Hve mikið greitt og hverjum?

Óskið þér slysatryggingar fyrir yður og/eða maka yðar við heimilisstörf? Sé svo, þá ritið hér nafn (eða nöfn) þess (þeirra), sem tryggja skal:

ÚTFYLLIST AF SKATTSTJÓRA

| Fjölskylda | Atvm. | Lækkun skv. 52. gr. | Slysatr. |
|---|---|---|---|
| | | | |

**Aths. og útreikningar til útsvarsálagningar.**

Breytingar á tekjum til útsvars .......... Hækkun / Lækkun

**Aths. og útreikningar skattstjóra.**

 3094-17

## III. Tekjur árið 1971.

1. Hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi samkv. meðfylgjandi rekstrarreikningi, landbúnaðar- eða sjávarútvegsskýrslu .. kr. ..........
2. Hreinar tekjur af eignaleigu, þ. m. t. útleiga íbúðarhúsnæðis samkv. meðfylgjandi rekstraryfirliti .......... ..........
3. Reiknuð húsaleiga af íbúðarhúsnæði, sem eigandi notar sjálfur eða lætur öðrum í té án eðlilegs endurgjalds. 4 048.-
4. Vaxtatekjur (sjá bls. 3 A–B) .... — ..........
5. Arður af hlutabréfum .......... — ..........
6. Laun greidd í peningum:
(Tilgreinið launagreiðendur og hve mikið frá hverjum)

| | |
|---|---|
| Ellert Skúlason, Nj. | 402.385.00 |
| Ístak hf. | 192.322.00 |
| Vegagerð ríkisins | 2.634.30 |

7. Laun greidd í hlunnindum:
   a. Fæði .......... dagar ... — ..........
   b. Húsnæði ...... herb. og eldh. ...... mán. — ..........
   c. Fatnaður eða önnur hlunnindi:
   Hver? .......... ..........
8. Elli- eða örorkulífeyrir frá alm. trygg. — ..........
9. Sjúkra- eða slysabætur (dagpeningar) — ..........
10. Fjölskyldubætur frá alm. trygg. .... — 16.000.00
11. Tekjur barna (sjá bls. 4 F) ........ — ..........
12. Launatekjur konu: Frá hverjum?
Sjöstjarnan h.f. 36.724.00
13. Aðrar tekjur Hverjar?
Bifr.styrkur 10.000.00

Tekjur alls kr. ~~646.557.~~ 664.109.-

## IV. Frádráttur.

1. Kostnaður við íbúðarhúsnæði, sbr. tekjulið 3:
   a. Fasteignagjöld .................. kr. 3.302.00
   b. Fyrning og viðhald. (Steypt hús 2,5%, hlaðið steinhús 2,8%, timburhús 4,0% af fasteignamati húsnæðisins) .................. — 4.680.-
   Málning o.fl. — ~~10.022.00~~
2. Vaxtagjöld (mism. sjá bls. 3 C) .... — 23.030.00
3. Eignarskattur .................. — ..........
4. Eignarútsvar .................. — ..........
5. Greitt iðgjald af lífeyristryggingu:
   a. eigin, til Líf.verka.fél. — 4.863.00
   b. konu, til " " — 337.00
6. Iðgjald af lífsábyrgð .............. — ..........
7. Sjúkrasamlagsgjald .............. — 5.[illegible].00
8. Alm. tryggingagjald .............. — 7.000.00
9. Stéttarfél.gj. (hvaða) V.S.F.K. — 1.500.00
   Verkakv.fél. — 1.000.00
10. Greitt fæði á sjó .......... dagar
(Til frádráttar skv. skattmati) ...... — ..........
11. Slysatr. á íslenzku skipi ...... vikur — ..........
12. Skyldusparnaður .............. — ..........
13. a. 50% af launatekjum konu ..... — 18.362.00
   b. Vegna starfa konu við atv.r. hjóna — ..........
14. Sjúkra- eða slysadagp. úr alm. trygg., sjúkrasaml. og sjúkrasj. stéttarfélaga — ..........
15. Annar frádráttur. Hver? ........ — ..........
Ferðakostn.v/atvinnu við Þórisvatn og í R.vík, 10.000.00

Frádráttur alls kr. 80.184.-

Greidd heimilisaðstoð skv. launamiðum kr. ..........

Álagður tekjuskattur kr. 34.587.00 og álagt tekjuútsvar kr. 55.600.00

Greidd húsaleiga .............. kr. ..........

Hverjum? ..........

Fjöldi herb. .......... og eldhús og stærð í ferm. ..........

3094.B



**A. Inneignir í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum og verðbréf, sem geta verið skattfrjáls skv. sérstökum lögum (sjá nánar hér neðar í A-lið).**

| Nafn banka, sparisjóðs eða félags<br>Flokkur og númer bréfa | Bókar- eða skírteinisnr. | Upphæð kr. með vöxtum | Vaxtatekjur kr. |
|---|---|---|---|
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

**Athuga:** Skattfrelsi eigna skv. A-lið skerðist til jafns við skuldir. Til skulda í þessu sambandi teljast þó ekki eftirstöðvar fasteignaveðlána, að hámarki kr. 600.000,00, ef þau voru tekin til 10 ára eða lengri tíma og sannanlega notuð til að afla fasteigna eða endurbæta þær.

| | | |
|---|---|---|
| Samtals kr. | | |
| Þar af skattfrjálst — | | |
| Skattskyldar innstæður, verðbréf og vextir .................. alls kr. | | |

**B. Verðbréf, útlán (útist. skuldir), stofnsjóðsinnstæður, inneignir í verzlunarreikningum o. fl.**

| Nöfn og heimili skuldara | Upphæð kr. | |
|---|---|---|
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| Aðrar vaxtatekjur. Hverjar? ........................ | | |
| **Alls kr.** | | |

**C. Skuldir:** Tilgreinið nöfn og heimili skuldareigenda.

(Ef ókunnugt er um eiganda, þá tilgreinið, hver tekur við afborgunum og vöxtum. Fasteignaveðlán til 10 ára eða lengur merkist með × aftan við upphæðina, ef þau voru tekin til öflunar fasteignanna eða endurbóta)

| | Upphæð kr. | × | Vaxtagjöld kr. |
|---|---|---|---|
| Sparisjóður Keflavíkur | 70.000.00 | | |
| " " | ~~62.5xxxxxx~~ | x | 6.[illegible].00 |
| Handhafaskuldabréf | 62.500 | x | 7.125.00 |
| | 80.000.00 | x | 9025.00 |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| Ógreiddir skattar og útsvör ........................ | | | |
| Önnur vaxtagjöld. Hver? ........................ | | | |
| **Skuldir alls og vaxtagjöld alls kr.** | 212.500.00 | | 23.030.00 |
| Frá dragast vaxtagjöld færð á rekstraryfirlit skv. tekjuliðum 1 og 2 .............. kr. | | | |
| **Vaxtagjöld, mismunur kr.** | | | |

 3094-C

**D.** Ef þér hafið byggt, keypt eða selt fasteign eða hluta af fasteign á árinu, þá gerið nákvæma grein fyrir því (kostnaðar- eða kaupverð, söluverð, kaupandi, seljandi, afsalsdagur o. s. frv.). Tilsvarandi upplýsingar skal gefa um kaup eða sölu bifreiða, skipa, véla, verðbréfa og hvers konar annarra verðmætra réttinda.

Keypti 3. júlí 1971 VW-bifr. Árgerð 1959 af Hólmfríði Bjarnadóttir, Hlíðarvegi 55, Kópavogi á kr. 45.000.00.

Sölulaun. Hverjum greidd? ..........

Greidd stimpilgjöld og þinglesning .......... kr. ..........

Afföll af seldum verðbréfum. Hverjum greidd? .......... – ..........

| **E.** Eignir barna yngri en 16 ára | Tegund eignar | Upphæð kr. | Vextir/arður |
|---|---|---|---|
| Nöfn barna | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

**Athuga:** *Eignir barna skulu taldar með eignum foreldra. Þó er skattstjóra heimilt að skattleggja þær sér, ef tilmæli koma fram um það (t. d. í G-lið).* Samtals kr. ..........

| **F.** Tekjur barna yngri en 16 ára | Nafn vinnuveitanda | Tekjur kr. |
|---|---|---|
| Nöfn barna | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |

**Athuga:** *Tekjur barna skulu taldar með tekjum foreldra. Ef hreinar tekjur barns nema meira en hálfum persónufrádrætti barns, er skattstjóra þó heimilt að skattleggja þær sér, ef tilmæli koma fram um það (t. d. í G-lið).* Samtals kr. ..........

**G.** Athugasemdir framteljanda.

..........

**Það vottast hér með, að viðlögðum drengskap, að skýrsla þessi er gefin eftir beztu vitund.**

Vallarg. 24 31 / 1 1972.

**Heimili (gata nr.)**

..........

**Undirskrift eiginkonu.**

..........

**Undirskrift eiginmanns eða einhleypings.**

**Sími**

172 175 000+105 000 ODDI HF

Víkurbraut 11, Keflavík.
Lóðarstærð 420 m².
Keflavík 17. febr. 1971.



**Frá lögreglunni í Keflavík.**

Lýst hefur verið eftir Geirfinni Einarssyni 32 ára til heimilis að Brekkubraut 15 Keflavík, sem hvarf frá heimili sínu s.l. þriðjudagskvöld, Geirfinnur er 175 sm. á hæð, skolhærður, með liðað nokkuð sítt hár. Hann var klæddur blárri mittisúlpu með skinnfóðraðri hettu, grænum flauelsbuxum, grænköflóttri skyrtu í brúnum skóm.

I tilefni af hvarfi Geirfinns Einarssonar vill lögreglan í Keflavík skýra frá eftirfarandi atriðum í sambandi við rannsókn þess . Geirfinnur fór frá heimili sínu þriðjudagskvöldið 18. þ.m. í bifreið með kunningja sínum áleiðis að Hafnarbúðinni í Keflavík. Geirfinnur hafði áður tjað kunningja sínum að hann hefði mælt sér mót við ákveðinn aðila við Hafnarbúðina klukkan 22,00 og að hann ( Geirfinnur) ætlaði þá að vera einn síns liðs. Geirfinnur fór úr bifreið kunningja síns skammt frá Hafnarbúðinni og gekk áleiðis að mótsstaðnum.

Geirfinnur kom inn í Hafnarbúðina og dvaldi þar litla stund. Því næst mun hann hafa gengið heim til sín og kom þangað klukkan 22,15.

Rett fyrir klukkan 22,30 var hringt heim til Geirfinns og var það símtal stutt og heirðist Geirfinnur þá svara " ég er búinn að koma" og litlu seinna " ég kem" Fullvíst er að það hafi verið karlmaður sem spurði eftir Geirfinni í símanum. Litlu eftir símtalið yfirgaf Geirfinnur heimili sitt og hefur ekki sést þar síðan. Hann fór akandi burt á bifreið sinni Ö- 1577 sem er rauð Cortina árgerð 1970. Bifreiðin fannst á miðvikudag þar sem hún stóð á Víkurbraut, skammt frá Hafnarbúð.

Klukkan 22,30 kom maður nokkur inn í Hafnarbúðina og beið hann þar nokkra stund, en fekk síðan lánaðan síma og talaði hann litla stund í hann. Eftir símtalið greiddi hann það og fór þvínæst út úr versluninni. Fyrir liggur nákvæm lýsing á manni þessum. Lögreglan í Keflavík óskar eftir því að maður sá sem fékk afnot að síma í Hafnarbúðinni x klukkan 22,30 hafi þegar samband við lögreglustöðina í Keflavík, Einnig er þess óskað að allir þeir sem kynnu að geta gefið einhverjar upplýsingar í máli þessu, svo og þeir aðilar sem hafa verið staddir í eða við Hafnarbúðina á tímabilinu frá klukkan 20,00 - 23,00 á þriðjudagskvöld s.l. hafi tafarlaust samband við Lögregluna í Keflavík.

Keflavík 22, nóv. 1974

LÖGREGLAN KEFLAVÍK

GEIRFINNUR EINARSSON 3119 07.09.42 2549-9646 Ellert Skúlason

Nafn — Fd. mán. ár — Nafnnúmer — Nr. kaupgr.

Heimili: BREKKUBRAUT 15 Vallarg. 24. Sveitarfélag: KEFLAVIK 2200 Aths. (28)

| Eftirstöðvar 1973 | Eftirstöðvar 1972 | Eftirstöðvar eldri | Dráttarv. af skuld 72 og 73 | Dráttarv. af fyrirframgr. | Mánaðargr., fyrsti mán. | Síðari mánuðir |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 34.887 | 34.840 |

| Samtals álagning | Samtals skuld | Nettó skattafsláttur | Greitt fyrirfram | Mismunur | Fyrirframgreiðsla 1975 |
|---|---|---|---|---|---|
| 200.247 | 200.247 | | 26.000 | 174.247 | 120.100 |

| Dags. | Gr. 11 | | Nr. kaupgr. | Álagning/innborganir | Eftirstöðvar/fyrirfram | Sannreynt |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 19/7 | | | | | 174.247 | 25673893 |
| 11 SEP '74 | 4 IB | 74 | | 27.900 | 146.347 | 25.645.99 |
| 12 NOV '74 | 4 IB | 74 | | 36.500 | 109.847 | 25.609.49 |

| Tekjuskattur að frádregnum skattafslætti | Eignarskattur | | Kirkjugarðsgj. | Slysatrygging vegna heimilisstarfa | Slysatryggingagj. atvrek. skv. 36. gr. | Lífeyristrgjald atvrek. skv. 25. gr. | Framlag í námssjóði |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 197.019 | | | 1.726 | | | | |

| Atvinnuleysistrgjald | Iðnaðargjald | Kirkjugjald | Hundaskattur | Iðnlánasjóðsgjald | Launaskattur | Nettó skattafsláttur að frádregnum álögðum þinggjöldum |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1500 | | | | |

Kærubók nr. ..............................

3120

(29)

197

Nr. .............................. Lagt fram í Sakadómi

Keflavíkur/Gullbringusýslu ..............................

# Rannsóknarlögreglan í Keflavík, Gullbringusýslu og Grindavík

# SKÝRSLA

Tekin af:

Um:
arf Geirfinns
arssonar.

Grunaðir:

Settir í varðhald:

Laugar daginn 7. des. 1974 kl.14,oo hafði ég undirritaður tal af frú Svövu Hólmkelsdóttur, Brekkubraut 15 f. 25-3-192o, en hún býr ásamt fjölskyldu sinni í sambýli við Geirfinn Einarsson og fjölskyldu hans að Brekkubraut 15 ( þ.e.a.s hæðunum tveim fyrir ofan)

" Sagði Svava að samgangur við Geirfinn og hans fólk hefði verið með mestu ágætum, allt frá því að Geirfinnur flutti í íbúð sína fyrir u.þ.b. tveimur árum.

Kvaðst Svava ekki minnast nokkurra árekstra eða óþæginda í sambandi við íbúa neðstu hæðarinnar.

Aðspurð kvaðst Svava enga skýringu kunna á hinu dularfulla hvarfi Geirfinns.

Þannig gjört.

Haukur Guðmundsson

Haukur Guðmundsson, rannslm.

18. desember 1974 kl. 22.30 er mættur til fyrirtöku að Brekkubraut 15, Keflavík, Georg Valentínusson, sjómaður, til heimilis Sæbergi Leirhöfn í Norður-Þingeyjarsýslu, fæddur 12.8. 1942 á Akureyri. Mætti var kunnungur Geirfinni Einarssyni og (kunnugum talin besti kunningi Geirfinns) skýrði Georg svo frá áminntur um sannsögli. "Ég kynntist Geirfinni fyrri hluta ár 1970, en kona mín Árný og kona Geirfinns Guðný voru vinkonur allt frá æsku og eru það ennþá. Ég hefi þekkt Geirfinn í 4 ár og urðu við á þessu tímabili að mínu áliti mjög góðir kunningjar. Ég hefi sjálfur verið til sjós á þessu tímabili að mestu og búið í Keflavík að Blikabraut 3. Við heimsóttum hvorn annan en ég tel þó að ég hafi komið mun oftar á heimili Geirfinns. Ég tel að vin hjónin Geirfinnur og Guðný höfum oftast farið saman á dansleiki á meðan ég bjó í Keflavík. Það má telja til undantekninga þá þegar Geirfinnur og Guðný fóru á skemmtanir án okkar, og mun það helst hafa verið þegar þau fóru með vinnufélögum hans.

Við Geirfinnur fengum okkur oft í glas saman, oftast á heimili annar hvors okkar og tefldum við þá oft skák. Ég man ekki eftir neinu sérstökum vandræðum í sambandi við áfengisneyslu Geirfinns, hann átti það til á vissu stigi að hverfa burt úr gleðskap, án þess að láta nokkurn vita og fara afsíðis og sofna þar.

Ég man aldrei eftir því, að okkur Geirfinn hafi sinnast, þetta tímabil sem við þekktumst, enda gaf hann aldrei tilefni til þess. Strax í upphafi þegar ég sá Geirfinn fyrst leist mér vel á hann og vildi kynnast honum nánar. Sá ég þá strax að hann var fámáll og að mér virtist óframfærinn. Það mun hafa tekið 5-6 mánuði fyrir mig að kynnast Geirfinni þannig að við töluðumst saman eins og félagar. Ég man ekki eftir neinu sérstöku í sambandi við hegðan Geirfinns, tel ég öruggt að Geirfinnur hafi ekki verið viðriðinn neitt ólöglegt athæfi.

Ég vil hér nefna sem dæmi um manngerð Geirfinns að ég bað hann einu sinni að skrifa á víxil fyrir mig, hér var um að gera lága upphæð að mig minnir 50.000.- þúsund krónur. Í fyrstu færði Geirfinnur undan þessari beiðni minni og hafði dregið mig á þessu í nokkra daga með þeim orðum að hann ætlaði að athuga þetta. Að lokum þegar mér var farið að leiðast þófið spurði ég hann afdráttarlaust hvort hann vildi skrifa á víxilinn eða ekki ég þyrfti að fá að vita það. Sagði Geirfinnur þá við mig að hann

vildi ekki skrifa á víxilinn og hann hafi aldrei gert það og hefði ekki ætlað sér að skrifa á víxil fyrir nokkurn mann. Um áhugamál Geirfinns er það helst að segja að hann virðist hafa einna mestan áhuga fyrir vinnu sinni, hann hefur tvisvar sinnum farið á sjó með mér og þá á handfæri og til þess að skjóta sjófugla. Geirfinnur keypti sér haglabyssu um haustið 1973 en ég veit ekki af hverjum hann keypti byssu þessa. Geirfinnur ræddi aldrei náið um sín einkamál eða fjölskyldu sína. á þessu tímabili meðan kunningsskapur okkar var. Aðspurður sérstkalega kveðst Georg enga hugmynd hafa um hvarf Geirfinns en telur þó hugsanlegt að hann hafi heyrt eitthvað eða séð í Klúbbnum sunnudaginn 17. nóvember s.l.

Skýrslugerð lokið kl. 23.30.
Þannig gjört.
Haukur Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður.

26. nóvember 1974 kl. 21.00 er mættur til fyrirtöku Gunnar Svavar Hafdal fæddur 9.4. 1954 starfsmaður hjá Sæbjörgu Reykjavík, til heimilis Kleppsvegi 68 Reykjavík, sími 82029. Mætti gefur eftirfarandi skýrslu um kynni sín af Geirfinni Einarssyni, áminntur um sannsögli. "Ég kynntist Geirfinni og konu hans árið 1969 þegar ég dvaldi í Keflavík. Ég var þá talsvert mikið inn á heimili þeirra í tvo ár þá þegar þau bjuggu að Vallargötu 24 í kjallara. Kunningsskapur það er að segja samgangur minnkaði mikið árið 1971, síðan hef ég aldrei heimsótt þau þ.e.a.s. eftir að þau fluttust að Brekkubraut 15, en ég hefi hitt þau einu sinni eða tvisvar síðan. Ég hitti Geirfinn í Klúbbnum sunnudagskvöldið 17. þ.m. um kl . 23.30. Þá var Geirfinnur á efstu hæð hússins og virtist mér hann lítið sem ekkert ölvaður (sá enginn merki afengisneyslu) Ég talaði lítið við Geirfinn þarna í um það bil 5 mínútur mundi ég telja, þegar ég spurði hann í þetta sinn með hverjum hann væri svaraði hann mér einfaldlega þannig "ég er með kunningjum mínum", ég spurði þá með hverjum, þá svaraði Geirfinnur "skiptir ekki máli", þannig tilsvör þótti mér undarleg hjá Geirfinni en hugsaði ekki frekar um það þá. Ég spurði hann síðan venjulegrar frétta um vini hans og heimili. Virtist mér gott hljóð í honum um það allt. Ég yfirgaf Geirfinn fljótlega eins og fyrr segir og sá ég hann aðeins einu sinni á dansgólfinu eftir það og talaði ekkert frekar við hann. Eftir á að hyggja virtist mér Geirfinnur vera kaldari í viðmóti, heldur en hann átti vanda til hér áður, þó ber þess að geta að langt var um liðið síðan ég hafði hitt Geirfinn áður en þetta var gæti verið u.þ.b. eitt ár. Aðspurður kveðst mætti enga hugsanlega skýringu hafa á hinu undarlega hvarfi Geirfinns og ekkert frekar geta upplýst í máli þessu.

Skýrslugerð lokið kl. 21.30
Þannig gjört.
Haukur Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður.

eftirskrift.

Gunnar upplýsir að á þessum dansleik hafi verið Guðrún kölluð Una Halldórsdóttir ásamt Huldu Garðarsdóttir sem býr að Njarðvíkurbraut í Innri-Njarðvík og hafi Geirfinnur eitthvað talað við þessar stúlkur á dansleiknum.

(41)

Mynd mótuð samkvæmt fyrirsögn sjónarvotta af manni þeim, sem kom í Hafnarbúðina í Keflavík kl. 22:30 þriðjudaginn 19. nóvember s.l.. Er rúmlega meðalmaður að hæð, ljós yfirlitum með skollitað hár, sem náði niður fyrir eyru.

Maðurinn var klæddur gul-brúnum leður eða leðurlíkis jakka, nokkuð síðum, með lausu belti og í ljósum tweed buxum.

42

Lýsing.

Rúmlega meðalmaður á hæð ( c.a. 180 sm.) grófur í andliti, eðlilegur litarháttur, ljós yfirlitum, með skollitað hár niður fyrir eyru með ennistopp.

Vöxtur : samsvarar sér vel. Snyrtilegur til fara. Klæddur í brúnan leður (líkis) jakka. rasssíðan, með lausu belti, ljósum tvidd buxum. Brosti eða glotti þegar hann átti tal við starfsstúlku.

Maður þessi kom vel fyrir og var ekki að merkja neitt annarlegt við hann. ( áfengis eða lyfjanotkun)

(45)

21/11 — Kl. 09.30 2x
Kl. 12.00 2x

Frá lögreglunni í Keflavík.

Lýst er eftir Geirfinni Einarssyni, Brekkubraut 15, Keflavík, sem fór að heiman frá sér kl. 22.3o á þriðjudagskvöldið, en síðan ekkert til hans spurtst.

Geirfinnur var klæddur blárri mittisúlpu með skinnfóðraðri hettu, grænum flauelsbuxum, og í brúnum skóm. Hann er um 175 cm á hæð, meðalmaðurá vöxt, skolhærður. Hann er um þrítugt.

Þeir sem gætu gefið upplýsingar um ferðir Geirfinns Einarssonar, eftir kl. 22.3o s.l. þriðjudagskvöld, vinsamlega geri lögreglunni í Keflavík viðvart.

---

Geirfinnur Einarsson,
Brekkubraut 15, Keflavík,
f. 7/9 1942, nafnnr. 2549-9646.
32 ára.

Með liðað skollitt, nokkuð sítt hár,
var í grænköfflóttri skyrtu.

(46)

Skýrsla um rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar
Laugardagur 14. desember 1974

Rannsókn máls þessa hefur að miklu leiti verið í formi athugana og upplýsingaöflunar um Geirfinn Einarsson, heimili hans, vinnufélaga og annað fólk sem talið er að hann hafi umgengist. Gerð hefur verið eftirferilsskýrsla um Geirfinn.

Úttekt hefur verið gerð hjá skýrsluvélum ríkisins um allar Fiat bifreiðir á landinu af gerðinni 600, sama hefur verið gjört með Mercedes Benz sendi-og hópferðabifreiðir, tegund C300D og aðrar skyldar tegundir í sama þyngdarflokki.

Rannsókn málsins beinist í dag að athugunum á fyrrgreindum bifreiðategundum, vegna upplýsinga sem lögreglunni hafa borist um hugsanleg tengsl þeirra við eftirlýsta manninn ( þann sem hringdi frá Hafnarbúðinni) lögreglan hefur ítrekað óskað eftir því að þessir aðilar gefi sig fram við lögreglu, en allt án árangurs.

Könnun á ferðum fólks af landinu með farþegaflugi frá og með 20. nóv. s.l. er á lokastigi.

Ennfremur hefur verið gerð úttekt hjá Skýrsluvélum ríkisins úr þjóðskrá um alla þá/karlmenn sem eru 25-35 ára að báðum árum meðtöldum.

Úrvinnsla þessara gagna er á frumstigi, þó hafa verið útilokaðir u.þ.b. 70 karlmenn, sem ábendingar hafa borist lögreglunni um,að líkir væru leirmyndinni af þeim eftirlýsta.

Þannig gjört:

Haukur Guðmundsson

Haukur Guðmundsson, rannslm.

Kærubók nr. 66 1975 Nr. 3145 Lagt fram í sakadómi

Sakad. mál nr. 19 Rangárvallasýslu 19

# Lögreglan í Rangárvallasýslu

(48)

# Skýrsla

Mánu daginn 10 febr. 1975 kl.23.15 hringdi Haukur Guðmundsson rannsóknarlögreglum.í Keplavík til undirritaðs og óskaði eftir að lögreglan færi að Stóra-Hofi og athugaði hvort þar væri geymd Benz sendiferðabifreið. Haukur sagði að orðrómur hefði borist til þeirra um að bifreiðin væri þarna í geymslu. Þetta er í sambandi við rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarsonar,en lengi hefur verið leitað að ákveðinni bifreið af þessari gerð án árangurs.

Um: leit að sendiferðabifreið á Stórahofi.

Þriðjudaginn 11 febr. kl.10.20 kom undirritaður að Stóra-Hofi.Þar hitti eg fyrir Ágúst Guðmundsson fyrrum bónda á staðnum,en hann er þar nú ráðsmaður. Jörðin er í eigu Sigurbjörns Eiríkssonar,sem rekur þar nú hrossabúskap. Eg tjáði Ágúst í hvaða erindum eg væri,og tók hann mér vel.Ágúst sagði að þar hefði engin sendiferðabifreið komið í allan vetur. Öðru hverju kemur þar Bedford vörubifreið,sem er í eigu Sigurbjörns og hann notar til flutnings á hrossum.Ágúst bauð mér að leita í húsum,sem eg gerði,einnig gengum við um næsta nágrenni bæjarins.

Afgreiðsla

Þessi leit bar ekki árangur,sendiferðabifreið sást ekki hvorki í húsum eða á nærliggjandi slóðum.

Undirritaður fór af staðnum kl.11.40.

Þetta tilkynnist yður hér með
hr.sýslumaður.

Virðingarfyllst.

Guðjón Einarsson
lögreglubj.no.2

55

Reykjavík 13. 2. 1975.

Undirrituðum bárust eftirfarandi upplýsingar í janúar s.l. vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar í Keflavík.

Á tímabilinu frá 11. til 19. nóvember s.l. um 08,3o til kl. 09,oo sáust 4 til 5 menn inni á veitingastofunni Hafnarbúðinni í Keflavík. Menn þessir stóðu í þétt saman og ræddu við hvorn annan í hálfum hljóðum. Þegar þeir veittu því athygli, að með þeim var fylgst fóru þeir allir inn á salerni veitingastofunnar og héldu þar áfram samræðum með mikilli leynd.

Þegar upplýsingaaðili kom inn á salernið hættu þeir að tala saman og hélst sú þögn þar til hann fór. Umræddir menn voru í óhreinum vinnufötum og litu út fyrir að starfa á þungavinnuvélum. Einn þeirra líktist mjög Geirfinni, en upplýsingaaðili þekkti ekki Geirfinn og telur sig þessvegna ekki geta fullyrt að um hann hafi verið að ræða.

Fyrir utan veitingastofuna stóð stór rauð vörubifreið með áletrunni K.R. vélaleiga á hurðinni, en við hliðina á þeirri bifreið stóð ljós Merdaens Bens bifreið ( sendiferðabifreið) með gluggum allt í kring.

Upplýsingaaðili er nákunnugur Suðurnesjamönnum, sem hann hefur umgengis í fjölda mörg ár. Hann telur umrædda menn ekki hafa verið úr Keflavík, nema þann sem líktist Geirfinni.

Í júlí eða ágúst s.l. fór Kristófer Reykdal, Rofabæ 43, ásamt Sigurði Arnari Kristjánssyni, Hraunbæ 36 til Svíþjóðar til bifreiðakaupa. Þegar þeir komu aftur til landsins var þeim ekið í leigubifreið frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur. Fyrst var farið til starfsmanns, sem vann hjá K.R. vélaleigunni að Vesturbergi í Breiðholti. Kristófer skýrði ökumanninum frá því, að sá maður hefði séð um fyrirtækið í fjarveru sinni og að hann væri sinn besti xxxxx maður.
Þeim manni er lýst svo, að hann sé um 175 cm að hæð, þrekvaxinn, breiðleitur, með dökkt hár. Sú lýsing gefur átt við Einar Inga Guðjónsson, Vesturbergi 39. Upplýsingaaðili telur sig fullvissan um, að nefndur Einar hafi verið einn þeirra manna, sem hann sá ræða saman í hálfum hljóðum í Hafnarbúðum og áður er lýst.

Upplýsingaaðili segist vera fullviss um áðurgreinda hurðarmerkingu á bifreiðinni og jafnframt um að hafa séð greinda menn á tímabilinu frá 11. til 19. nóvember s.l.

Hann segist hafa strax og hann sá dökkhærða manninn , sem áður er lýst, á veitingastofunni hafa munað eftir honum frá því að hann sá hann að Vesturbergi í Breiðholti og þessvegna hafi hann strax áttað sig á merkingu vörubifreiðarinnar. Upplýsingaaðili hefur vandlega skoðað téða merkingu á tveimur vörubifreiðum fyrirtækisins

eftir að þetta atvik skeði og er fullviss, að hér er um sömu merkingu að ræða. Upplýsingaaðili telur líklegt að mennirnir á veitingastofunni hafi verið á báðum bifreiðunum, þar sem vörubifreiðin taki aðeins 2 farþega hjá ökumanni, en þeir hafi verið eins og áður greinir ~~verið~~ a.m.k. 4. til 5. talsins.

Þær athuganir, sem síðar hafa verið gerðar í þessu máli benda eindregið til, að hér sé um að ræða rauða Scania Vabis vörubifreið, sem fyrirtækið keypti frá Svíþjóð á s.l. sumri. Frekari rannsókn ~~fáx~~ fer nú fram á því hver hafi ekið téðri vörubifreið á þessu tímabili.

Virðingarfyllst,

..............................................

Kristján Pétursson, deildarstj.

*Mál nr.* ............ 197......

3218

*Nr.* ............ *Lagt fram í sakadómi*
*Reykjavíkur* ............

RANNSÓKNARLÖGREGLAN I KEFLAVÍK.

~~Rannsóknarlögreglan í Reykjavík~~

# Skýrsla

*Tekin af:*
I ki Guðmundssyni,
varðstjóra.

*Efni:* Smygl sem uppkom í sambandi við rannsókn á Geirfinnsmálinu.

*Grunaðir:*

*Settir í varðhald:*

Föstu*daginn* 3. jan. *19*75

Undirrituðum hafa borist eftirskráðar upplýsingar í sambandi við rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssona: Keflavík.

A. Að snæbjörn Adolfsson, Aðalgötu 14 Keflavík hafi s.l. haust farið þess á leit við Geirfinn að hann meðhöndlaði spíritus (6o lítra) sem sjór hafði komist í, þannig að vökvi þessi yrði hæfur til drykkju. Eigandi spíra þessa var sagður vera Ingvar Sigurðsson, Bröttukinn 30 hafnarfirði, er ní skipverji á m/s Mánafossi. Ekki er vitað hvort Geirfinnur framkvæmdi ofanritað.

B. Upplýsingaaðili, heyrði Guðlaug Loftsson, matsvein á m/s Urriðafossi, tala um það í septembermánuði s.l. við nokkra skipsfélaga sína, að ekki væri lengur hægt að vera í viðskiptum við Keflavíking, semhann nafngreindi, vegna þess hve "dýr" hann væri orðinn. Taldi heimildarmaður að Guðlaugur hefði nefnt nafnið "Geiri" í þessu sambandi ( en var þó ekki alveg viss) í samtali þessu ( Guðlaugs og félaga) var talað um fjármuni þannig að einnfélaginn sagði " Ég átti að fá 120.000,oo en fékk aðeins 60.000,oo "

C. Ennfremur hafa mér borist upplýsingar þess efnis að miklu magni af spíritus hafá verið skipað um borð í m/s Urriðafoss í Antwerpen í septembermánuði og hafi við það verið notuð sendibifreið og aðilar hafi verið Guðlaugur Loftsson, fyrrverandi matsveinn ág a.m.k. 4 félagar hans.

Ofanritað tilkynnist yðue hér með herra lögreglustjóri, Virðingarfyllst.

57410000

Kærubók nr. ..................

3235

(12)



Nr. .................................. Lagt fram í Sakadómi Keflavíkur/Gullbringusýslu ..................

# Rannsóknarlögreglan í Keflavík, Gullbringusýslu og Grindavík

# SKÝRSLA

Fimmtu daginn 9 jan. 1975. Kl.1700 er mættur

Tekin af: Ingvari Sigurðssyni, Bröttukinn 30, hafnarfirði.

Um:

Grunaðir:

Settir í varðhald:

á lögreglustöðinni við Hverfisg. Ingvar Sigurðsson til heimilis Bröttukinn 30,Hafnarfirði,f.31-7-54 í Reykjavík.

Mætta er kunngert tilefni fyrirtöku og gætt er ákvæða 1.mgr. 40 gr.laga nr.74 frá 1974.

Mætti skýrir svo frá áminntur um sannsögli:

Í sept.s.l.er ég var háseti á m.s.Mánafossi og vorum staddir í Hamborg,keypti ég ásamt tveimur skipsfélaga minna um 200 lítra af 96 % spíritus,en hann var sendur frá Rotterdam í Hollandi. Nöfn þessara félaga minna eru Gissur Ingólfsson,háseti á Mánafoss og Gísli Ingvarsson,stýrimaður á sama skipi,en ég veit ekki um heimilisföng þeirra.Gísli annaðist um framangreind áfengiskaup í Rotterdam,en skipið kom þangaðxfráxHx þaðan til Hamborgar.Áfengið var flutt um borð í sendiferðabifreið,en það var í fimm lítra plastbrúsum.Við greiddum 7 hollensk gyllini fyrir lítirinn.Áfengið var ekki falið í skipinu,þar sem fyrirfram hafði verið ákveðið að kasta því fyrir borð,áður en komið yrði í höfn á Íslandi.

Við þræddum línu í gegnum handföng brúsanna og festum síðan langa línu og keðju við endan,en þannig létum við það í sjóinn töluvert langt fyrir utan svonefnda 7 bauju hér í flóanum.Það hafði verið ákveðið,að bróðir Gísla Ingvarssonar,sem heitir Eisteinn næði í spíritusinn,en hann á tveggja tonna trillu. Þegar við létum spírann frá borði var hvass vindur og slæmt sjólag og af þeim orsökum gat Eisteinn ekki náð í áfengið á tilsettum tíma.

Eisteinn annaðist síðan leit að áfenginu á trillubát sínum og fann hann 3 - 4 dögum síðar áfengið á svipuðum slóðum og við höfðum varpað því frá borði,en veðrið lægði ekki fyrr.Eisteinn fann um 75 l.af framangreindu magni,en hitt hvarf og hef ég enga

vitneskju um hvar það er nú niðurkomið. Af þessum 75 l. móttók ég 50 l. en Eisteinn fékk í sinn hlut um 25 l. Af þessu magni á ég nú eftir 45 l. en þeir eru geymir heima hjá kunningja mínum Braga Finnbogasyni, Hlíðarbr. 1, Hafnarfirði.

Sjór hafði komist í alla brúsana og mun því umræddur spírítus vera með öllu ónýtur. Ég reyndi að kveikja í þessu, en þá varð aðeins eftir saltvatn. Ég ræddi við mág minn í Keflavík, sem heitir Snæbjörn Adólfsson, Kirkjuv. um hvort hann þekkti nokkurn aðila, sem gæti eimað spíritus, svo að eitthvað af þessu magni yrði nothæft til neyzlu. Hann skýrði mér frá því, að hann þekkti mann að nafni Geirfinnur Einarsson í Keflavík, sem ætti eimingartæki og myndi hann (Snæbjörn) ræða við Geirfinn um þetta mál. Snæbjörn sagði mér, að Geirfinnur myndi athuga málið, en ekkert hef ég heyrt um það síðan. Ég held að Snæbjörn hafi rætt við Geirfinn um þetta skömmu áður en hann hvarf. Ég er reiðubúinn að afhenda ykkur þann spírítus sem Bragi geymir fyrir mig.

Ég fór fyrst á millilandaskip vorið 1971 á m/s Goðafoss (tvær ferðir) en var síðan á sama skipi allt árið 1972, en fór svo í Sjómannaskólann haustið 1973. Ég fór þó nokkrar ferðir með m/s Múlafossi 1973 um sumarið. Á m/s Mánafossi var ég frá því í apríl - okt. 1974, en þá fór ég aftur í Sjómannaskólann.

Vék frá kl. 18.30.

Þannig gjört, Upplesið, staðfest.

[signature] [signature]

Kristján Pétursson, deildarstj. Ingvar Sigurðsson

Vottar. [signature]

Haukur Guðmundsson, rannsóknarlögr.m.

[signature]

Rúnar Sigurðsson, lögreglum.

NB.

Engar dagsetningar utan sept. 74

Kærubók nr. ..................................                3267                                                    (31)

197

Nr. ........................................ Lagt fram í Sakadómi

Keflavíkur/Gullbringusýslu ....................................

# Rannsóknarlögreglan í Keflavík, Gullbringusýslu og Grindavík

# SKÝRSLA

Tekin af: H. Guðmundsson,

Um: Framburð Snæbjörns Adolfssonar.

Grunaðir:

Settir í varðhald:

Sunnu daginn 12. jan. 1975 kl.22,45 er mættur til fyrirtöku Snæbjörn Adolfsson, Kirkjuvegi 15 Keflavík f. 16-1o-1948 á Akranesi. Mættum er ljóst tilefni fyrirtöku en hann er grunaður um að búa yfir vitneskju um smyglaðan spíritus o.fl. Skýrir mætti svo frá áminntur um sannsögli:

" Það mun hafa verið fyrri hluta nóvembermánaðar s.l. að mágur minn Ingvar Sigurðsson, Bröttukinn 3o Hafnarfirði spurði mig hvort ég hefði möguleika til þess að eima spíritus sem sjór hefði komist í, eða hvort ég vissi um einhvern sem gæti framkvæmt þetta. Ég kvaðst mundi athuga málið. 18. nóvember um kvöldmatarleitið hringdi ég í Geirfinn Einarsson, Brekkubraut 15, en ég var honum kunnugur. Ég vissi að hann hafði eitthvað fengist við ~~að "brugga" til eigin nota og þess vegna kom mér í hug að hann gæti brugg tæki~~ (gæti átt bruggtæki) bruggtæki eða þess háttar. Ég vil þó hér taka það fram að ég hafði aldrei sjálfur séð tæki eða áhöld til slíkra hluta hjá Geirfinni, né heldur séð hann með heimatilbúið áfengi. Þá þegar ég lagði þessa málaleita fyrir Geirfinn kvaðst hann mundi athuga mál þetta. Síðan þetta símtal átti sér stað hefi ég hvorki séð Geirfinn eða heyrt, enda hvarf hann daginn eftir. Einhverntíma í desember ítrekaði Ingvar þessa ósk sína við mig, en þá kvaðst ég ekkert geta átt við þetta. Spíritus þennan sá ég aldrei og vissi ekkert frekar um hvaðan hann var kominn eða hvar hann var geymdur. Ég er þess fullviss að Ingvar þekkti ekkert Geirfinn" Aðspurður um hvarf Geirfinns, kveðst mætti enga skýringu á því vita og enga ástæðu fyrir því.        Skýrslugerð lokið kl.23,1o

Skýrsluna tók:                                        Upplesið staðfest:

(signature)                                                    (signature)

Haukur Guðmundsson, ranslm.                    Snæbjörn Adolfsson.

3279

**SÝSLUMAÐUR GULLBRINGUSÝSLU**
**BÆJARFÓGETI KEFLAVÍKUR**
Vatnsnesveg 33 – Sími (92) 1922

43

Keflavík, 13. janúar 1975.

Fréttatilkynning frá bæjarfógetaembættinu í Keflavík.

Vegna blaðaskrifa að undanförnu um áfengis- og tolllagabrot, er verið hefur til rannsóknar hjá embættinu, þykir rétt að eftirfarandi komi fram. Við rannsókn vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar, Brekkubraut 15, Keflavík, þótti rétt að rannsaka ákveðnar ábendingar í þá átt, að tengsl væru hugsanlega á milli þessara tveggja mála. Bæjarfógetaembættið í Keflavík fól þeim Hauki Guðmundssyni, rannsóknarlögreglumanni, Kristjáni Péturssyni, deildarstjóra tollgæslu og Rúnari Sigurðssyni hjá lögreglunni í Reykjavík, að rannsaka sérstaklega þennan þátt.

Þegar í upphafi athugunar kom í ljós, að hér var um umfangsmikið áfengis- og tolllagabrot að ræða og eru nokkrir skipverjar á fimm millilandaskipum viðriðnir smygl á áfengi, vindlingum og matvörum. Þegar hefur verið upplýst um innflutning á rúmlega 3200 lítrum af 96% spiritus, um 3000 flöskum af öðrum áfengistegundum, yfir 1000 pakkalengjum af vindlingum og verulegu magni af kjötvöru. Mestum hluta þessa spiritus, var varpað frá borði skipa skömmu áður en komið var til hafnar í Reykjavík og síðan var hann sóttur á litlum bátum, en í öðrum tilvikum hefur varninginn rekið á land, þar sem eigendur hafa fundið hann. Þá hefur varningur þessi í nokkrum tilvikum verið fluttur frá skipshlið eftir að í höfn var komið. Samkvæmt framburði aðila var varningurinn að mestu keyptur í Rotterdam og Antwerpen í Hollandi, en innkaupsverð þar er um 300 kr. hver lítri. Fram hefur komið, að megnið af varningnum hefur verið selt ýmsum aðilum. Hefur söluverð á spiritus verið allt að kr. 5.000.- hver lítri og annað áfengi verið selt á kr. 1600-2200 hver flaska. Þá hefur vindlingalengjan verið seld á kr. 900-1000 hver lengja.

Rannsókn þessa máls hefur aðallega beinst að ólöglegum innflutningi áfengis á síðari hluta ársins 1974, og er mestur hluti framangreinds magns frá því tímabili. Þess skal getið, að aðeins hefur verið rannsakaður innflutningur nokkurra skipverja á 5 millilandaskipum.

Í ljós hefur komið, að rannsókn vegna hvarfs Geirfinns

Einarssonar tengdist þessu smyglmáli lítillega og hefur nú fengist á þeim þætti fullnægjandi skýring. Ekkert hefur komið fram, er bendi til þess á þessu stigi, að Geirfinnur Einarsson hafi verið þátttakandi í áðurgreindu áfengis- og tolllagabroti, og hefur sakadómur Reykjavíkur nú tekið við rannsókn þessa máls. Þá hefur Tollgæslustjóra í Reykjavík verið tilkynnt jafnóðum um gang rannsóknarinnar og afhent gögn þar að lútandi.

Rannsókn þessi fór fram í Lögreglustöðinni í Reykjavík og ber sérstaklega að þakka lögreglustjóranum í Reykjavík fyrir mikilvæga aðstoð, er hann lét í té.

Kærubók nr. .................. bls. ..........  3390  Nr. .................. Lagt fram í sakadómi

Sakadómsbók nr. ........... bls. ...........  Keflavíkurflugvallar ............ 19.......

**Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli og varnarsvæðunum**

# SKÝRSLA

Um:

Föstu- daginn 29. nóv 19 74, kl. 16. 15,

Skýrslugjöf bróður Geirfinns Einarssonar varðandi einkalíf Geirfinns.

(Skýrslu þessi á ekki að fara með á annan hátt en sem trúnaðarmál.)

Afgreiðsla:

Kæruskrá nr.

**Til lögreglustjórans**

**á Keflavíkurflugvelli**

er mættur hér hjá rannsóknarlögreglunni vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar, yngri bróðir hans, Siguður Smári Einarsson, f. 19-9- 46 í Vopnafirði, Dalalandi, Linnetsstíg 6, Hafnarfirði, sími: 52978, vinnus: 52144 hjá Einingarhús Sigurlinna Péturssonar h/f.

Mættur veit tilefni mætingarinnar og skýrir svo frá, áminntur um sannsögli:

"Við syskinin ólumst upp á Dalalandi, þartil ég var fjögurra ára og Geirfinnur þá 8 ára. Man ég ekkert frá þeim tíma. Eftir þetta fór ég að Ytri - Galtarsstöðum í Hróarstungu, en Geirfinnur fór að Straumi. Hróarstunga er á milli Lagarfljóts og Jökulsár á Brú.

Kom Geirfinnur í heimsókn til mín og ég til hans af og til. Held ég að Geirfinni hafi ekki líkað sérlega vel þarna. Hann var oft veikur af asthma og lá mjög mikið veikur, jafnvel einu sinni á ári. Held ég að hann hafi a.m.k. einu sinni eða tvisvar milli heims og helju af þessum sjúkdómi. Frá bernsku okkar man ég, að Geirfinnur var sérstaklega rólegur og prúður. Hefi ég heyrt þetta frá fleirum, að hann hafi alltaf verið prúður og stilltur. Man ég ekki eftir neinu í fari Geirfinns frá bernsku okkar, er væri einkennilegt á neinn máta.

Samband okkar á þennan máta, hélzt þartil ég var um 13 ára og hann 17. Þá fór hann frá Straumi, ég er ekki viss um hvert. Á þessu tímabili vann hann hjá Pósti & Síma, tvo til þrjá vetur hjá Pétri Jónssyni, bónda á Egilsstöðum, var eitt haust í sláturhúsi á Fossvöllum. Held ég að Pétur hafi rekið hótel þarna og farið með póstinn upp í sveitirnar.

Á þessu tímabili höfðum við lítið samband hvor við annan. Ekki veit ég um neinn sérstakan vin, eða vinkonu, er Geirfinnur átti á þessum tíma. Man ég ekki eftir neinu óvenjulegu, atburðum eða öðru, frá þessum tíma.

Sennilega hefi ég verið 15 ára og hann 19, árið um 1960, er við bræðurnir fórum saman suður

til Keflavíkur. Fórum við báðir að vinna hjá h/f Keflavík við almenna frystihúsvinnu. Bjuggum við báðir að Hafnargötu 3 í verbúðarbragganum uppi á lofti í herberginu, er snéri að Slippnum og sjónum. Vorum við í kojum sitt í hvoru horni herbergisins. Þarna vorum við a.m.k. sex alls. Nöfn hinna voru: Gunnar og Pétur úr Skagafirði, Fúsi úr Húnavatnssýslu og Færeyingur kallaður Mikki. Síðan var þarna strákur, er var mikið með okkur, Sævar frá Fáskrúðsfirði og er í dag giftur vinkonu Guðnýjar, eiginkonu Geirfinns. Tvö til þrjú þessi næstu sumur, fór Geirfinnur og vann hjá Pósti & Síma á Egilsstöðum og þar um kring.
Var það útivinna og var aðalbækistöðin á Egilsstöðum. Á vertíðinni var hann hjá h/f Keflavík, nema einn veturinn, er hann fór einn túr á togara, Jóni ÞOrlákssyni, og mun það hafa verið fyrir jólin. Fóru þeir þrír saman, hann, Björn Halldórsson og tvíburabróðir hans. Björn er nú lögr.þj. á Húsavík.
Á þessu tímabili, fóru Geirfinnur og Guðný að búa saman ógift og bjuggu á Kirkjuveginum.
Vissi ég, að hann hafði verið með einhverri stelpu frá Seyðisfirði, þá er hann var að vinna þar á svæðinu hjá Pósti og Síma.
Vissi ég til þess, að hann hitti hana a.m.k. einu sinni í Reykjavík, þegar við fórum þangað saman á ball. Á þessum árum var hann eitthvað með kvenfólki, en hann var mjög dulur og talaði ekki um sín einkamál, hvorki við mig né neina aðra, eftir því er ég bezt veit. Á þessum árum sletti hann í sig víni, en aldrei þannig að hann missti úr vinnu. Var hann ákaflega passasamur með mætingar í vinnu. Vann hann mikið og aflaði góðra tekna, en eyddi því sem hann aflaði jafnóðum í skemmtanir tóbak, vín og leigubíla, mikið í það síðasttalda, en hann passaði alltaf að eiga einhverja peninga undir höndum, svo og að greiða allar sínar skuldir, skatta og skyldur. Bezti vinur Geirfinns frá þessu tímabili, var Sævar frá Fáskrúðsfirði. Einnig vorum við mikið með Mikka Færeying. Þetta framanskráða var á tímabilinu áður en hann fór að búa með Guðnýju.
Hann og Guðný bjuggu stutt á Kirkjuveginum og þá tóku þau á leigu íbúð í Klappenborg ásamt Birni Halldórssyni og konu hans.
Höfðu tvö herbergi hvor fjölskylda og sameiginlegt eldhús.
Stuttan tíma um þetta leyti, var Geirfinnur á "Manna" KE 99.
Þaðan fór hann að vinna hjá verktakanum, er vann við Njarðvíkurhöfn. Þaðan hefir hann sennilega farið að vinna í Búrfelli og líklega þar á eftir, fór hann að vinna hjá Ellert Skúlasyni.
Áður en Guðný og hann fóru að búa, tók ég á leigu herbergi á Berghólum, Bergi. Var Geirfinnur þar líka í 1 - 3 mánuði.
Eftir að hann hóf búskap með Guðnýju, rofnaði samband okkar að nokkru leyti, en þó kom ég stundum til þeirra. Hið eina, er gæti kannske talizt einkennilegt, er það, að stundum átti Geirfinnur það til að koma ekki beint heim úr vinnu og held ég að hann hafi þá verið að fá sér í glas með vinnufélögunum. Leitaði ég að honum eitt slíkt skipti, og var hann þá að drykkju með vinnufélögum sínum. Einu sinni kom það fyrir, að hann var að fara á ball í Ungó og var með vínflösku í beltinu, að hann tók flöskuna upp og barði henni í hausinn á manni, er var að labba inn í sal.
Brotnaði flaskan við þetta og Geirfinnur var settur í steininn.
Geirfinnur sagði mér frá þessu og virtist hafa áhyggjur af þessu og leiður yfir þessu, enda þekkti hann mann þennan ekkert og var þetta tilvik án nokkurs tilefnis. Hann mun hafa búið á Vallargötunni um þetta leyti og verið byrjaður að vinna hjá Ella Skúla.
Get ég ekki munað eftir nokkrum sköpuðum hlut varðandi Geirfinn, er var frábrugðinn eða óvanalegur, hvað þá einkennilegur, nema þetta síðasta, er ég hefi skýrt frá."

Vék frá kl. 17.55
Upplesið, staðfest rétt: Sigurður Einar Einarsson [signature]

Þannig gjört: Ingimundur Br. Jakobsson [signature]

# Æfiferilsskýrsla

1. Fullt nafn Geirfinnur Einarsson
2. Fæðingardagur og ár 7. september 1942
3. Fæðingarstaður Vopnafjörður (Dalalandi)
4. Þjóðerni íslenzkur
5. Dvalarstaður nú
6. Lögheimili Brekkubraut 15, Keflavík
7. Nöfn foreldra og heimili Einar Runólfsson, Baldursheimi, Mývatnssveit
   Anna Guðbjörg Friðriksdóttir, dó þann 11-9- 50.
8. Voru foreldranir giftir? Já
9. Hvar eiga þeir ríkisborgararétt? Íslandi
10. Nafn konu (manns) Guðný Sigurðardóttir
11. Hvar og hvenær var hjónabandið stofnað?
12. Sé hjónabandinu slitið, skal upplýst:
    a. Hvar og hvenær var leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng gefið út?
    b. Hvenær var leyfisbréf til algerðs skilnaðar gefið út?
    c. Skilnaðarskilmálar

3404 A

13. Skilgetin börn yngri en 16 ára:

| Nafn | Fæðingardagur | Heimili |
|---|---|---|
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |

14. Skilgetin börn eldri en 16 ára:

| Nafn | Fæðingardagur | Heimili | Atvinna |
|---|---|---|---|
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

15. Oskilgetin börn:

| Nafn | Fæðingardagur | Heimili |
|---|---|---|
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |

3404-13

16. Nafn og heimili móður (föður) þeirra ..................................................

..................................................

..................................................

..................................................

17. Dvalarstaðir skýrslugefanda síðustu 12 mánuði:

| Sveitarfélag | Heimili | Frá hvaða degi og til hvaða dags |
|---|---|---|
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |

18. Hafi skýrslugefandi flutt til .................................................. (Nafn dvalarsveitar) á þessu tímabili, upplýsist?

a. Hver var orsök til flutningsins? ..................................................

..................................................

..................................................

b. Var skýrslugefandi hvattur til að flytja og af hverjum? ..................................................

..................................................

..................................................

c. Var hann styrktur til að flytja og af hverjum? ..................................................

..................................................

..................................................

19. Hefur skýrslugefandi fengið framfærslustyrk eða annan opinberan styrk? Hvar og hvenær?

..................................................

20. Atvinna nú og að undanförnu ..................................................

21. Tekjur nú og að undanförnu ..................................................

22. Eignir ..................................................

23. Heilsufar skýrslugefanda og annars heimilisfólks ..................................................

..................................................

3404-c

24. Dvöl á sjúkrahúsum síðustu 2 ár ..............................

25. Ástæðan til styrkbeiðni ..............................

26. Ástæðan til skýrslugjafar ..............................

..............................

..............................

Að skýrsla þessi sé rétt í öllum atriðum vottast hér með að viðlögðum drengskap.

.............................. (Staðarnafn)

.............................. (Dagsetning)

.............................. (Undirskrift skýrslugefanda)

.............................. (Undirskrift þess er skýrsluna tekur)

3525000



2405

3406
KEFLAVIK



3407

RANNSÓKNARLÖGREGLAN KEFLAVÍK



Lýsing:
Rúmlega meðalmaður á hæð ( c.a. 170-180 sm) Grófur í andliti, eðlilegur litarháttur, ljós yfirlitum, með skollitað hár niður fyrir eyru og með ennistopp.
Vöxtur samsvarar sér vel. Snyrtilegur til fara. Klæddur í brúnan leður (líkís) jakka rasssíðna og með lausu belti. Var í ljósum svídd buxum.